

ÚTBOÐ NR. 14396

Ferjusiglingar Vestmannaeyjar - Bakkafjara

Janúar 2008

EFNISYFIRLIT

1	ÞARFALÝSING FERJU.....	1
1.1	ALMENNT.....	1
1.1.1	Yfirlit yfir kröfur.....	1
1.1.2	Kröfur til smíðaaðila.....	1
1.1.3	Teikningar og gögn.....	2
1.1.4	Stærð skips.....	2
1.1.5	Lög og reglugerðir um ferjur.....	2
1.1.6	Skírteini vegna ferja.....	3
1.1.7	Skipshreyfingar.....	4
1.1.8	Líkantilaunir skipsskrokks.....	4
1.2	UPPBÝGGING FERJU.....	5
1.2.1	Bollögun.....	5
1.2.2	Fyrirkomulag með tilliti til farþega.....	5
1.2.3	Uppbygging bols.....	5
1.3	BÚNAÐUR FYRIR BÍFREIÐAR OG FARM.....	6
1.3.1	Stafn-og skuthlerar.....	6
1.3.2	Ekjupilfar.....	6
1.3.3	Geymar.....	7
1.4	SKIPSBÚNAÐUR.....	7
1.4.1	Stýrisbúnaður.....	7
1.4.2	Bógskrúfa.....	7
1.4.3	Stöðugleikauggar og andveltigeymir.....	8
1.4.4	Siglingatæki og tæki í brú.....	8
1.4.5	Akkerisbúnaður.....	8
1.4.6	Merkiplötur á vélbúnað, búnað og lagnir.....	8
1.4.7	Annar skipsbúnaður.....	9
1.5	VISTARVERUR OG FARÞEGARÝMI.....	9
1.5.1	Almennt.....	9
1.5.2	Gluggar.....	9
1.5.3	Káetur.....	9
1.5.4	Geymsla fyrir dýr.....	10
1.5.5	Þíklæðningar og gólfefni.....	10
1.5.6	Hurðir og karmar í farþegarýmum og káetum.....	10
1.5.7	Útihurðir.....	10
1.5.8	Stigar og handrið.....	10
1.5.9	Aðstaða fyrir farþega.....	11
1.5.10	Hávaða og titringskröfur.....	11
1.5.11	Loftræsting og hitunarkerfi.....	12
1.5.12	Hreinlætis- og neysluvatnskerfi.....	13
1.6	AÐALHLUTAR VÉLBÚNAÐAR.....	13
1.6.1	Almennt.....	13
1.6.2	Aðalvélar.....	14
1.6.3	Gír og skrufubúnaður.....	14
1.6.4	Rafmagnsframleiðsla.....	14
1.6.5	Neyðarljósavél.....	15
1.6.6	Ásrafalar.....	15
1.7	KERFI FYRIR AÐALHLUTA VÉLBÚNAÐAR.....	15
1.7.1	Almennt.....	15
1.7.2	Afgaskerfi.....	15
1.7.3	Stjórnkerfi véla.....	15
1.7.4	Eldsneyti til keyrslu aðal- og hjálparvéla.....	15
1.8	SKIPSKERFI.....	16
1.8.1	Kjölfestukerfi.....	16
1.8.2	Austurkerfi.....	16
1.8.3	Niðurföll og frárennsli af þilförum.....	16
1.8.4	Háþrýstivökvakerfi.....	16
1.8.5	Rafbúnaður.....	16
1.8.6	Landtenging.....	17

1.8.7	Aðalrafmagnstafla	17
1.8.8	Spennubreytar.....	17
1.8.9	Raflagnir.....	17
1.8.10	Raflýsing	17
2	REKSTRARLÝSING FERJU	19
2.1	ALMENNT.....	19
2.2	ÁÆTLUNARFERÐIR	19
2.2.1	Grunnáætlun.....	19
2.2.2	Vetraráætlun.....	19
2.2.3	Vor- og haustáætlun	20
2.2.4	Sumaráætlun.....	21
2.2.5	Almennt.....	22
2.3	AUGLÝSINGAR OG MARKAÐSSETNING.....	22
2.4	AÐRAR SIGLINGAR VERKTAKA	22
2.5	FÓLKS- OG BIFREIÐAFLUTNINGAR.....	23
2.5.1	Gjaldskrá	23
2.5.2	Þjónusta.....	24
2.5.3	Almennir farþegaskilmálar.....	24
2.5.4	Áætlunarferðir hópbifreiða.....	24
2.6	STARFSMANNAMÁL.....	24
2.7	AÐSTAÐA Í LANDI	25
2.7.1	Lýsing á Bakkafjörühöfn.....	26
2.8	REKSTUR FERJUBRYGGJU	27
2.9	SLIPPTAKA OG ÖNNUR TÍMABUNDIN FJARVERA FERJUNNAR	27
2.10	UPPLÝSINGASKYLDA	28
2.11	ÖRYGGISMÁL	28
2.12	FRÁTAFIR VEGNA VEÐURS.....	28
3	GREIÐSLUR.....	29
3.1	ALMENNT.....	29
3.2	FERJA.....	29
3.3	ÁÆTLUNARFERÐIR.....	30
3.4	AUKAFERÐIR.....	31
3.5	AÐSTAÐA Í LANDI	31
4	VIÐAUKAR	33
4.1	GJALDSKRÁ FYRIR BAKKA FERJU.....	34
4.2	MAGN FLUTNINGA 1997-2007	37
4.3	FARÞEGASKILMÁLAR	41
4.4	ÖLDUMÆLINGAR.....	45
4.5	TEIKNINGAR AF BAKKAFJÖRUHÖFN	48
4.6	SJÓMÆLINGAKORT	50
4.7	BAKKAFJARA FERRY AND FERRY HARBOUR	51
4.8	DRÖG AÐ FYRIRKOMULAGI FERJU	56
4.9	ÞARFALÝSING FERJU Á ENSKU	58

1 Þarfalýsing ferju

1.1 Almennt

1.1.1 Yfirlit yfir kröfur

Þjóðandi skal með boði sínu leggja fram eins fullkomnar upplýsingar um boðið skip og mögulegt er. Eftirfarandi kröfum skal fullnægt:

- Hefðbundið ekjufarþegaskip, smíðað úr stáli/áli (RO-PAX).
- Skipið skal vera hannað samkvæmt ströngustu kröfum um siglingar á hafsvæði B samkvæmt 4. grein í tilskipun Evrópusambandsins nr. 98/18/EC með síðari breytingum um öryggisreglur fyrir farþegaskip.
- Skipið skal að því er varðar bol, vélbúnað, rafbúnað og stjórnþúnað fullnægja kröfum flokkunarfélags án farsviðstakmarkana.
- Heildarlengd skal vera á bilinu 60-70 metrar.
- Breidd skips skal vera á milli 15-17 metrar.
- Hámarksdjúprista við fulla lestun verði ekki meiri en 3,3 metrar.
- Lágmarksfarþegafjöldi með ferju er 300 farþegar.
- Lágmarksbílafjöldi með ferju er 50 (4,8mx2,4m).
- Lágmarkssvæði fyrir flutningavagna með lofthæð 4,6 metrar skal vera 300 fermetra með lágmarksbreidd 6 metrar.
- Tvær aðalvélar og tvöfaldur skúfubúnaður.
- Bógskrúfa að framan.
- Allur búnaður skipsins skal fullnægja reglum þar sem það á við og vera CE-merktur þar sem reglur gera ekki kröfur um annað.
- Ganghraði skal að lágmarki vera 15 sjómíllur/klst (service speed) miðað við 75% hleðslu, 85% MCR, með skilgreint vinnuálag skv. DVS 09015 á aðalvélarafölum í mótvasi Beaufort 3
- Skipið skal vera gegnumkeyranlegt með veðurþéttri lokun í stefni og skut.

Hönnun skipsins skal taka mið af því að skipið er í förum á svæðum þar sem veður geta verið válynd og að við þær aðstæður sé ekki um aðra valkosti að ræða varðandi samgöngur við Vestmannaeyjar. Greitt aðgengi skal vera fyrir sjúka. Skipið skal vera fullskráð án athugasemda á Íslandi með öllum vottorðum og skírteinum. Heimahöfn ferju skal vera Vestmannaeyjahöfn.

Almennt á það við, að ef þjóðandi vill þjóða eitthvað annað en það sem tekið er fram í lýsingunni, þá er honum það heimilt ef hann getur sýnt fram á að það sé sambærilegt.

Í viðauka er drög af fyrirkomulagi af ferju sem getur flutt 53 fólksbíla og 300 farþega.

1.1.2 Kröfur til smíðaaðila

Skipasmíðastöðin sem mun annast smíði ferjunnar skal hafa faglega þekkingu á smíði ekjuferja og góða reynslu almennt í skipasmíðum. Skipasmíðastöðin skal hafa viðurkennt gæðavottunarkerfi eða sambærileg og sýna fram á fjárhagsstöðu sem tryggir að stöðin sé fær um að ljúka verkinu ásamt því að geta afhent skipið á réttum tíma, eða ófullgert ef aðilar telja að ljúka skuli smíði ferjunnar annars staðar.

1.1.3 Teikningar og gögn

Tilboði skal fylgja teikningar af aðalfyrirkomulagi ferjunnar ásamt smíðalýsingu þar sem helstu tæknilegu atriði smíðarinnar koma fram. Verkkaupi skal samþykkja lýsingu og uppdætti af ferju. Þegar samið hefur verið við smíðaaðila skal hann leggja fram allar teikningar sem Siglingastofnun Íslands (SÍ) gerir kröfur um að fá afhentar samkvæmt reglum þar um. Verktaki skal afhenda allar teikningar áður en smíði hefst á viðkomandi hlut. Einnig skal smíðaaðili leggja fram nákvæma smíðalýsingu þar sem fram koma öll atriði er snúa að hönnun, smíði og búnaði ferjunnar. Ef um erlendan smíðaaðila er að ræða skal smíðalýsingin lögð fram á ensku. Smíðalýsing og þær teikningar sem verkkaupi fer fram á skulu lagðar fram áður en samningur er undirritaður.

1.1.4 Stærð skips

Utan við fyrirhugaða Bakkafjörúhöfn er sandrif. Dýpi á því sandrifi er jafnaði um 6 metrar á stórstraumsfjöru en getur verið á bilinu 5-8 m. Mikilvægt er að djúprista skips sé ekki of mikil og skal miða við að ferja risti ekki meira en 3,3 m.

Breidd skip ræðst að núverandi akstursbrúm. Uppgefnar stærðir um flutningagetu ferju eru lágmarksstærðir. Ef ferja getur flutt meira þá fær viðkomandi ferja fleiri stig samanber kaflann um val samningsaðila.

1.1.5 Lög og reglugerðir um ferjur

Ferjan skal uppfylla allar viðeigandi íslenskar reglur fyrir ekjufarþegaskip í flokki B, en um þau skip gilda m.a. eftirfarandi lög og reglugerðir.

1. Lög nr. 146/2002 um skipamælingar,
2. Lög nr. 47/2003 um eftirlit með skipum,
3. Reglur nr 635/1983 um vél- og rafbúnað vöruflutningaskipa og farþegaskipa. Sjá grein 2.4,
4. Reglugerð nr. 666/2001 með síðari breytingum um smíði og búnað farþegaskipa í innanlandssiglingum, Sjá reglugerðir nr. 983/2004, nr 17/2005 og nr 423/2005,
5. Reglugerð nr. 551/2005 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa,
6. Reglugerð nr. 879/2006 um breytingar á reglugerð nr. 551/2005,
7. Reglugerð nr. 53/2000 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa,
8. Reglugerð nr. 365/1998 um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum,
9. Reglur nr. 492/1979 um vistarverur áhafnar vöruflutningaskipa og farþegaskipa,
10. Reglur nr. 440/1980 um vinnuöryggi á vöruflutninga- og farþegaskipum,
11. Reglugerð um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, 200/2007,
12. Reglur nr 179/1985 um hávaðamörk í íslenskum skipum,
13. Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, 33/2004,
14. Reglugerð um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, 715/1995,
15. Reglugerð um varnir gegn sorpmengun frá skipum, 801/2004,
16. Reglugerð um takmörkun á notkun skaðlegra gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar á skip, nr.824/2005,
17. Reglugerð um bann við notkun gróðurhindrandi efna sem í eru kvikasilfurssambönd, arseniksambönd og lífræn tinsamönd, 619/2000, sbr. 878/2002.
18. Um mönnun skipsins fer að ákvæðum laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og vöruflutningaskipa.
19. Skipið skal fullnægja kröfum sem varðar aðstöðu, aðbúnað og öryggi hreyfihamlaðra farþega og fullnægja viðeigandi ályktunum IMO um aðstöðu, aðbúnað og öryggi hreyfihamlaðra. Einnig skal hafa til hliðsjónar handbókina

“Aðgengi fyrir alla” sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Nýsköpunarmiðstöð Íslands) gefur út.

Ferjan skal jafnframt fullnægja ákvæðum eftirtalinna alþjóðlegra reglna og tilskipana:

1. Reglum um flutning á hættulegum efnum þegar þau eru flutt með farþegaskipum,
2. Reglugerð Evrópusambandsins (EC) No 336/2006 frá 15 febrúar 2006 vegna innleiðingu leiðbeiningar “International Safety Management Code within the Community and repealing Council Regulation (EC) No 3051/95”.
3. Ákvæði alþjóða hleðslumerkjasamþykktarinnar með síðari breytingum,
4. Viðauka IV og VI við Marpol samþykktina, sem þó hafa ekki tekið gildi á Íslandi.
5. Ferjan skal jafnframt fullnægja reglum flokkunarfélags að því er varðar bol, vélbúnað, rafbúnað og stjórnþúnað miðað við ótakmarkað farsvið. Skipið skal flokkað af einu af flokkunarfélögum þeim sem viðurkennt er af íslenskum yfirvöldum, með flokkun LR +100A1, +LMC, Ro-Ro Passenger/Vehicle Ferry með ótakmörkuðu farsviði, eða sambærilegri flokkun og táknum hjá öðru viðurkenndu flokkunarfélagi. Öll flokkunarvottorð skulu vera í fullkomnu lagi og án athugasemda.
6. Ferjan skal uppfylla kröfur tilskipunar Evrópusambandsins nr. 98/18/EC með síðari breytingum um öryggisreglur fyrir farþegaskip (Council Directive on safety rules and standards for passenger ships). Hvað varðar 4. gr. þessarar tilskipunar skal farþegaferjan uppfylla kröfur sem gerðar eru til skipa sem hafa heimild til að sigla á hafsvæði B (Class B). Ofangreind tilskipun gildir hér á landi og hefur verði tekin upp í íslenskan rétt sem reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlands-siglingum, nr. 666/2001, með síðari breytingum

Ferjan skal fá útgefið öll nauðsynleg skírteini sem nauðsynleg eru fyrir rekstur hennar, efni, bol, vélar og búnað.

1.1.6 Skírteini vegna ferja

Þau skírteini og skjöl sem íslenskt farþegaskip í innanlandssiglingum skal fá útgefið til að það megi vera í förum eru eftirfarandi:

1. International Tonnage Certificate, Mælibréf, gefið út á grundvelli Tonnage Convention og laga um skipamælingar
2. International Load Line Certificate, Hleðslumerkjaskírteini, gefið út á grundvelli hleðslumerkjasamþykktarinnar.
3. Stöðugleikagögn vegna stöðugleika í óleku ástandi
4. Stöðugleikagögn vegna lekastöðugleika
5. Öryggismönnunarskírteini
6. International Oil Pollution Prevention Certificate, IOPP
7. Oil Record book
8. Shipboard Oil Pollution Emergency Plan, SOPEP
9. Garbage Management Plan
10. Garbage Record Book
11. Passenger Ship Safety Certificate
12. AFS certificate á grundvelli EB Regulation 782/2003.
13. Haffærisskírteini.

14. Þessu til viðbótar skal skipið fá útgefið skírteini flokkunarfélags um að bolur, vélbúnaður, rafbúnaður og stjórnþúnaður skipsins fullnægi ákvæðum flokkunarfélags.
15. Skipið skal smíðað undir eftirliti flokkunarfélags sem er viðurkennt af Siglingastofnun.
16. Það skal fullnægja ákvæðum COLREG að því er varðar siglingaljós
17. Það skal fullnægja ákvæðum tilskipunar 98/18/EB með síðari breytingum um ferlimál hreyfihamlaðra.
18. Allur búnaður þ.m.t. allur öryggisbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð
19. Ef skipið á að fullnægja kröfum um vaktfrítt vélarúm, "continuous survey" og styrkingar til siglinga í ís, skulu liggja fyrir staðfestingar á því að viðeigandi ákvæðum sé fullnægt.

1.1.7 Skipshreyfingar

Til að auka vellíðan farþega og draga úr líkum á sjóveiki hjá farþegum, skal við hönnun skipsskrokks leitast við að lágmarka hröðun. Hreyfingar ferju skulu miðast annars vegar við 4,0 metra kennniöldu og tíðni 6-13 sekúndur og að ferjan sigli á 13 sjómílna siglingarhraða og hins vegar við almennt ölduróf sem gildir fyrir Norður Atlantshafið og siglingahraði ferju 11 sjómíllur og kennialda öldurófs 4,5 metrar. Miða skal við að siglingatími sé háltími.

Niðurstöður prófana skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Lóðrétt hröðun skal ekki vera meiri en 0,1g RMS þ.e. meðal lóðrétt hröðun í háltíma siglingu má ekki vera meiri en 1,0m/s². Mælist í fremsta punkti farþegarými.
- Lárétt hröðun skal ekki vera meiri en 0,08g RMS þ.e. meðal lárétt hröðun í háltíma siglingu má ekki vera meiri en 0,8 m/s². Mælt einum metra yfir þílfari farþegasalar.

Hröðun skal miðast við að vera mæld á farþegaþílfari mitt á milli miðskips og framlínu skips.

Við mat á hröðun er heimilt að taka tillit til þess ef ferjan er með stöðugleikaugga eða andveltugeyma.

1.1.8 Líkantilraunir skipsskrokks

Í þeim tilgangi að geta lagt mat á hvort kröfum þeim sem fram koma í kafla 2.1.7. og þarfalýsingu þessari sé fullnægt á hönnunarstigi ferjunnar, skal bjóðandi láta viðurkenndan aðila gera eftirtaldar líkantilraunir af skipsbolnum:

- Sjálfknúnar keyrslur á hraðabilinu 9-15 hnútar:
- Báðar skráfur gefa kraft á hraðabilinu 11-15 hnútar,
- Önnur skráfan keyrir og hin snýst frítt með á hraðabilinu 9-12 hnútar.
- Sjóhæfniprófun í meðvindi, mótvindi og hliðarvindi, í mismunandi sjólagi, til þess að ganga úr skugga um að skipið uppfylli neðangreindar kröfur um lárétta og lóðrétt RMS hröðun,
- Straumlínuprófanir til þess að staðsetja veltikili, upphengjur fyrir stefnisrör, og stöðugleikaugga velji bjóðandi að búa skipið slíkum búnaði.
- Meta líkur á hvers stóru hluti skráfublaða komi upp úr vatni og valdi þar með hættu á yfirsúningi véla.

Líkantilraunir og sá aðili er framkvæmir þær skulu samþykktar af verkkaupa eða fulltrúa hans.

1.2 Uppbygging ferju

1.2.1 Bollögun

Til að draga úr álagi á festingar farms, bíla og vagna, og einnig til að minnka líkur á sjóveiki hjá farþegum, skal við hönnun bols leitast við að lágmarka hröðun við 13 sjómílna siglingahraða. Í þeim tilgangi að draga úr óæskilegri hröðun og fullnægja öðrum hönnunarkröfum til skipsins, er lagt til að skipið verði búið perustefni sem yrði þannig útfært að þáttur nái því sem næst alla leið upp í efsta þilfar, á móta og þróað hefur verið hjá Ulstein (X-Bow), sbr. nýlegt skip frá Ulstein mek Verksted, s/v Bourbon Orca og önnur sambærileg frá Ulstein.

Skipið skal útbúið ekjupílvari.

Við hönnun ferju skal taka tillit til þess að skipið skal knúið tvöföldum skráfubúnaði og tvöföldum stýrisbúnaði.

Vegna vindfangs skal leitast við takmarka stærð flatarmáls hliðarmyndar skipsins. Hönnun stjórnþalls skipsins skal vera með þeim hætti að útsýni sé svo til ótakmarkað til allra átta og brúarvængir skulu ná út fyrir síður skipsins. Gluggar skulu halla út á við til að hindra óþægilegt endurkast frá þeim.

1.2.2 Fyrirkomulag með tilliti til farþega

Fyrirkomulag skipsins skal taka mið að því að tryggja gott aðgengi allra farþega að öllum farþegasölum, að bílapílvari, að mótsstöðum og björgunarförum þegar skipið skal yfirgefið. Stigagangar skulu leiða farþega greiðlega að söfnunarstöðum og björgunarförum. Stigar skulu vera greiðir og á pöllum til að hindra það að farþegar hrasa falli milli hæða.

Að því er varðar aðgengi farþega að skipinu og innan þess skal sérstaklega hugað að aðgengi hreyfihamlaðra og þá sérstaklega þeirra sem nota hjólastóla. Skulu sérstakar ráðstafanir gerðar varðandi þröskulda og tryggja farþegum sem bundnir eru við notkun hjólastóla möguleika að geta komist allra sinna leiða, sem leyfilegar eru, um ferjuna á eigin rammleik. Við allt litaval skal hafa þarfir sjónskertra í huga og samráð haft við Öryrkjabandalag Íslands um útfærslur.

Í skipinu skulu vera farþegasalir með sætum fyrir þann fjölda farþega sem ferjunni er heimilt að flytja. Í farþegasölum skulu vera sjónvarpsskjáir sem farþegar geta horft á.

Með tilliti til þess að auka vellíðan farþega skal matsalur og veitingaaðstaða ekki vera staðsett framarlega í skipinu, heldur sem næst miðju skipi.

Á veðurpílvari (sólþilvari) skal gert ráð fyrir aðstöðu farþega og skal hönnun og hæð skorsteina vera þannig að útblástur véla lendi ekki á farþegum á þilvari.

Í ferjunni skulu vera fjórir klfar sem búnir eru fjórum hvílum hver og öðrum þremur klfum sem eru búnir tveimur hvílum hver. Gott aðgengi skal vera frá farþegarými og í klfum. Í skipinu skal vera einn sjúkraklefi með greiðum útgangi að opnu þilvari.

1.2.3 Uppbygging bols

Skrokkur skal vera úr stáli eða áli, rafsoðinn, með lang- eða þverskipsböndum. Loft og reisin vélarúms skal vera úr stáli. Við það er miðað að skipið hafi eitt ekjupílvar, og skal það vera úr áli eða stáli með bita á hverju bandi og skal styrkur þess miðast við það álag sem verður frá væntanlegum farmi á þilvari, fólks- og vöruflutningabíla.

Í stafni og skut ferju ofan ekjupílars skulu vera akstursop og hlerar/lokunarbúnaður til lestunar og losunar ferjunnar. Breidd akstursopanna og búnaður fyrir akstursbrýr skal vera að lágmarki 7 metrar og einnig vera þannig útfærður unnt sé að nýta akstursbrýr sem fyrir eru í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn. Þjóðandi hefur val um annað fyrirkomulag akstursbrúa en fyrir er en getur þurft að standa straum af kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á akstursbrúm í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn og þá með þeim hætti sem Siglingastofnun telur fullnægjandi.

Á báðum síðum ferjunnar skulu vera landgöngudyr fyrir farþega. Verði ekki miðað við að nota núverandi aðstöðu fyrir farþega í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn, getur þjóðandi þurft að standa straum að nauðsynlegum breytingum og ráðstöfunum til að koma farþegum örugglega að og frá borði skips.

1.3 Búnaður fyrir bifreiðar og farm

1.3.1 Stafn-og skuthlerar

Í skut og stefni skulu vera akstursdyr með vatnspéttum lokunarbúnaði til lestunar og losunar bíla. Sjá jafnframt lið 2.2. Stafnloka skal vera tvöföld þannig að stefni skips myndi ytri loku og þar fyrir innan sé vatnspétt fallhleri sem fellur niður þannig að akstursbrú geti hvílt á ekjupílfari.

Breidd fallhlera geti að lágmarki verið 7 metrar en sé skipt þannig að unnt sé að nota núverandi akstursbrýr sem eru 5 metra breiðar. Nánari útfærsla verður í samráði milli hönnuð skips og verkkaupa. Skutlokubúnaður er fallhleri samkvæmt kröfum flokkunarfélags sem miðast við lágmark 7 m breiða brú en er unnt að fella niður þannig að akstursbrýr hvílir á ekjupílfari.

1.3.2 Ekjupílfar

Hönnunarálag ekjupílfars skal vera samkvæmt eftirfarandi álagsforsendum:

Álag ekjupílfar þar sem lofthæð er 2,2 metrar

- Jafndreift álag 5,0 kN/m².
- Heildarásþungi 60 kN með hjólalag 30 kN þar sem dreifflöturinn er 0,15x0,3m². Bil milli hjóla 1,5m. (u.þ.b. breidd bifreiðar). Bil milli ása 3 m. Jafndreift notálág með áspungaútreikningum er 0,2 kN/m².

Álag ekjupílfars þar sem lofthæð er 4,6 metrar

- Jafndreift álag 20 kN/m².
- Heildarásþungi 240 kN með hjólalag 120 kN þar sem dreifflöturinn er 0,4x0,4m². Bil milli hjóla 1,8 m. (u.þ.b. breidd bifreiðar). Ef flutningabifreið hefur tvo ása að aftan er 1,3 m á milli ása og álagið á hvorn ás 240 kN og heildarálagið 480 kN.
- Heildarásþungi þvert yfir ekjupílfar þ.e. flutningabifreiðar hlið við hlið báðar með tveimur ásum að aftan er heildarálagið 800 kN þvert yfir pílfarið með annars vegar hjólaálag 150 kN á annarri flutningabifreiðinni og hins vegar 80 kN á hinni. Bil milli ása er 1,3 m. Dreifflöturinn fyrir hjólalag er 0,4x0,4m². Bil milli hjóla 1,8m. Bil milli bílmiðja er 3,0 m. Jafndreift notálág með áspungaútreikningum er 0,2 kN/m²

Álag á enda þekjupílfars skal taka mið af að landgangabrá hvíli á enda ekjupílfars með fulllestuðum flutningabifreið sem er 48 tonn að þyngd auk notálags upp á 0,2kN/m².

Utan þess svæðis sem ætlað er flutningabifreiðum og fólksbifreiðum skal styrkurinn miðast við álagsforsendur flokkunarfélags.

Vegna flutningavagnanna skal í hönnun skipsins gera ráð fyrir lyftingu miðskips í pílfarinu ofan ekjupílfars. Frí lofthæð undir dekkbita í lyftingunni skal ekki vera minni en

4,60 metrar og frí breidd lyftingar verði að lágmarki 6,0 metrar, þannig að tvær vagnaraðir geti staðið hlið við hlið, og skal lyftingin ná eftir endilöngu þilfarinu.

Frí lofthæð undir dekkbita annars staðar á ekjupilfari skal vera 2,2 metrar eða meira.

Í ekjupilfari skulu vera festiaugu fyrir bíla þannig að mögulegt sé að binda alla bíla niður á fjórum hornum ef aðstæður eru þannig.

Festingar skulu koma á annað hvert band eða þannig að bil langskips á milli festinga verði að lágmarki 1200 mm. Þverskips skal bil á milli festinga að lágmarki vera fyrir hverja bílaröð.

Festingar skulu ekki vera niðurfelldar, heldur koma þær ofan á þilfar og vera opnar þannig að þrif séu auðveld. Nota skal festingar sem viðurkenndar eru til notkunar í bílaferjum, og skulu vera kúptar til þess að hindrun verði sem minnst þegar ekið er yfir þær.

Festingar skulu hannaðar til að þola álag sem verður við mestu lóðréttu hröðun skipsins samkvæmt skilgreiningu flokkunarfélags fyrir slíkan búnað.

Við ákvörðun á lestunarálagi til að meta hleðslu skips skal miða við kröfur flokkunarfélags.

Ekjupilfar skal útfært þannig að auðveldt sé að þrífa þilfarið. Vatnshalli skal vera á þilfarinu að rennusteinum/niðurföllum þar sem affalli er safnað saman og dælt frá borði. Koma skal fyrir sjálfvirkum vatn/sjó skolunarbúnaði til að skola ekjupilfarið með auðveldum hætti.

1.3.3 Geymar

Fyrirkomulag og uppbygging geyma vera í samræmi við reglur SÍ og flokkunarfélags.

Í ferjunni skulu vera ferskvatnsgeymar og auk þeirra sérstakir neysluvatnsgeymar úr ryðfríu stáli.

Geymar skulu vera fyrir salernisúrgang, úrgangsolíu, smurolíu, yfirfallsolíu og vatn frá vöskum og skal stærð þeirra háð reglum SÍ.

Þá skulu vera sjókjölfestugeymar til þess að halla skipinu fram og aftur og í bæði borð.

Ákvörðun um nauðsynlega stærð sjókjölfestu- eldsneytisolíu- og ferskvatnsgeyma í skipinu verður í höndum verktaka en háð samþykki verkkaupa.

1.4 Skipsbúnaður

1.4.1 Stýrisbúnaður

Skipið skal búið að lágmarki tveimur aðskildum stýriskerfum, þ.e. tveimur stýrisblöðum og tveimur stýrisvélum með aðskilda aflgjafa.

Skip skal vera búið stýri með hælbolta til þess að koma í veg fyrir skemmdir á stýri, taki skipið niðri á leið sinni að og frá höfn. Í þessum tilgangi skal neðsti hluti hæl við hælbolta skal vera minnst 100 mm ofan við neðsti hluti hæl er á þeim stað sem hann tengist skipi. Styrkur hæl skal vera nægur til þess að þola lóðréttan kraft sem er allt að 600 KN á móts við hælbolta.

Stjórtæki stýrisbúnaðar skulu vera á stjórnþalli og í vélarúmi og skulu stjórtæki á stjórnþalli vera á sérstakri aðskilinni rafrás sem fær afl frá raftöflu aflbúnaðar.

1.4.2 Bógskrúfa

Til að tryggja öryggi skipsins innan hafnar þegar því er snúið, skal skipið búið einni bógskrúfu eða fleirum.

Bógskrúfan skal vera nægilega stór og öflug til þess að geta snúið ferjunni við verstu aðstæður á móti vindálagi sem er allt að 25 m/sek þvert á ferjuna Hlíðargrindur skulu vera í skrúfugöngum.

1.4.3 Stöðugleikauggar og andveltigeymir

Sé ákveðið að búa skipið virkum stöðugleikauggum, skulu þeir vera inndraganlegir og af viðurkenndri gerð. Stjórnbúnaður stöðugleikaugga skal vera á stjórnþalli og vera búinn viðvörunarbúnaði gagnvart dýpi.

Sé ákveðið að búa skipið virkum andveltigeymi/um skal hann búinn viðeigandi skilrúmum og hraðtæmingu í samræmi við kröfur SÍ.

1.4.4 Siglingatæki og tæki í brú

Skipið skal búið öllum nauðsynlegum fyrsta flokks siglingatækjum viðurkenndum af íslenskum yfirvöldum.

Öll tæki, lagnir, loftnet, skermun, lagnaleiðir, lagnavarnir á opnum þilförum, tengibox, lagnarör, ofl. skal vera fyrirkomið og sett niður í samræmi við reglur flokkunarfélaga, Siglingastofnunnar og samþykki verkkaupa.

Dýptarmælir skal vera í skipinu og skal botnstykki eftir því sem við verður komið fellt inn í bol skipsins.

Skipið skal útbúið samkvæmt reglum um GMDSS samskiptabúnað fyrir skip af þessari gerð fyrir siglinga á hafsvæðum STK, A1, A2, A3 (skv. SOLAS)

Í brú skal vera varaafgjafi sem sér nauðsynlegum tækjum fyrir straumi við aflrof aðalraforkugjafa. Mikilvæg siglingatæki og tölvubúnaður skal knúinn þessum búnaði.

1.4.5 Akkerisbúnaður

Akkeri skulu sérhönnuð fyrir sandbotn þ.e. sandakkeri.

1.4.6 Merkiplötur á vélbúnað, búnað og lagnir

Merkiplötur, aðvörunarskilti og merkingar sem eru ætlaðar áhöfn eingöngu skulu vera á íslensku. Merkiplötur, aðvörunarskilti og merkingar sem ætlaðar eru farþegum skulu vera á íslensku og ensku.

- Allar útihurðir skulu að utanverðu merktar því rými sem þær veita aðgang að
- Allar innihurðir og útgönguleiðir skulu merktar og beina farþegum að söfnunarstað
- Lúgur skulu merktar því rými sem þær veita aðgang að
- Mannop skulu merkt með ásuðu
- Allir klefar og þjónusturými, geymslur og skápar skulu merktir viðeigandi heiti
- Kallmerki skips skal vera fest upp í brú og við fjarskiptabúnað
- Allir lokar, loftrör og dælur skulu bera merkingar.
- Greinitöflur, tengikassar, aðvaranir, startarar ofl. skulu bera merkingar.
- Rör í vélarúmi skulu bera merkingar.

Teikningar s.s. öryggisplön og neyðaráætlanir ofl. skulu hengdar upp í samræmi við kröfur SÍ.

1.4.7 Annar skipsbúnaður

Þráðlaust tölvunetkerfi skal vera í ferjunni sem farþegar geti einnig haft aðgang að.

Loftnet skal vera til staðar fyrir sjónvarpsmóttakara.

1.5 Vistarverur og farþegarými.

1.5.1 Almennt

Allir gangar sem farþegar fara um, allar flóttaleiðir og stigauppgangar skulu vera að lágmarki 1200 mm. breiðir og halli þeirra ekki meiri en sem nemur 45 gráðum miðað við láréttan flöt.

Lofthæðir í farþegasölum og káetum skulu vera að lágmarki 2,2 metrar.

Allar innréttingar skulu vera vandaðar og í samræmi við góðan íslenskan staðal og húsgögn fyrsta flokks og þægileg. Útlit íbúða skal vera af vandaðri útfærslu og smekklegt.

Við val á litum á gólfi, þiljum og hurðum skal taka tillit til sjónðapra.

Yfirborð uppstigs og framstigs í stigum skal vera í mismunandi litum og nef þrepa með lit sem afmarkar það greinilega frá stigaprepunum þegar horft er niður stigann.

Handrið skulu vera á báðum hliðum allra stiga, í göngum og innan á brúarþiljum.

Á veðurþilföllum skulu vera handrið allstaðar þar sem nauðsynlegt er talið vegna öryggis

1.5.2 Gluggar

Stærð glugga í útsíðu á sölum sem eru 5 metra yfir sjávarborði skal vera þannig að samanlagt ljósop þeirra sé ekki minna en 15% af gólfplatarmáli salar.

Hurðir sem liggja útá veðurdekk frá vistaverum og brú skulu allar hafa glugga.

Þvottabúnaður með heitu vatni og þrýstilofti skal vera á öllum gluggum í þjónusturýmum.

Mögulegt skal vera að draga fyrir glugga þegar sterkt sólarljós angrar farþega.

Gluggar og kýraugu skulu almennt vera rafsoðin, og í samræmi við NS (norsk standard) eða sambærilegt

Glerþykkt skal vera 20% meiri en fyrirskrifað er í reglum flokkunarfélags.

1.5.3 Káetur

Í skipinu skulu vera sjö klefar fyrir farþega og áhöfn. Fjórir klefar skulu vera útbúnir með fjórum kojum, og þrír klefar skulu vera með tveimur kojum. Í klefum skulu vera fataskápar að lágmarki 600x2000 mm. Allir gangar sem farþegar fara um skulu vera að lágmarki 1200 mm breiðir.

Lofthæðir í farþegasölum og káetum skulu vera að lágmarki 2,2 metrar.

Allar innréttingar skulu vera vandaðar og í samræmi við góðan íslenskan staðal og húsgögn fyrsta flokks og þægileg. Útlit íbúða skal vera af vandaðri útfærslu og smekklegt

Í klefum skulu vera hnappar til þess að farþegar geti hringt eftir aðstoð. Í skipinu skal vera sjúkraklefi.

Gott aðgengi skal vera að sjúkraklefanum utan af þilfari. Hann skal staðsettur sem lengst frá titring og hávaða. Að öðru leyti er um útbúnað klefans vísað í reglur SÍ.

1.5.4 Geymsla fyrir dýr

Í skipinu skal vera geymsla sem unnt er að koma fyrir dýrum í samræmi við almenna hollustuhætti. Kröfur til loftræsting rýmis skulu vera þær sömu og fyrir káetum.

1.5.5 Þíklæðningar og gólfefni

Allar þílfarsklæðningar um borð í ferjunni skulu uppfylla íslenskar reglur.

Öll einangrun í íbúðasvæðum og þjónusturýmum skal vera úr óbrennanlegu efni.

Einangrun skal tryggja að kröfum um hávaða sé fullnægt og þar sem við á taka mið af umhverfishitastigi.

Allir gólfletir skulu vera með þannig áferð að sem minnst hætta sé á því að farþegar eða áhöfn verði fyrir slysum vegna þess að þeir renna til

Hálkuviðnámsflokkun á blautum svæðum skal vera samkvæmt DIN 51097 eða sambærilegum staðli.

Hálkuviðnáms: Við val á flísagerð eftir staðsetningu skal farið eftir viðmiðunarreglum í Rb blaði "keramikflísar VI - Hálkuviðnáms á flísalögðum gólfum."

1.5.6 Hurðir og karmar í farþegarýmum og káetum

Innihurðir skulu vera í sama brunaflokki og þilið sem þær eru í, og allir hurðakarmar skulu vera úr stáli. Sjálfvirkur lokunarþúnaður skal vera á hurðum að stigum og eldvarnarhurðum. Lamir og læsingar á hurðum skulu vera fyrsta flokks.

Hurðir í káetum og öðrum loftræstum rýmum aðrar en eldvarnahurðir skulu vera með ryðfríum loftræstiristum.

Breidd dyra í farþegarýmum skal vera lágmark 900 mm. og í káetum 700 mm. nema í tveimur klefum skulu þær að vera 900 mm.

Þröskuldar skulu klæddir með ryðfríu stáli og hurðir í farþegarýmum þar sem umferð er mikil skulu klæddar með ryðfríu stáli 600 mm. upp á hurðirnar. Dyr með þröskuldshæð meiri en 200 mm. skulu hafa þrep báðum megin.

1.5.7 Útihurðir

Dyr sem liggja frá íbúðum og öðrum rýmum út á veðurdekk skulu hafa veðurþéttar hurðir úr GRP (eða sambærilegt) með lokunarþúnað sem uppfyllir allar viðkomandi kröfur. Skyggni sem er 150 mm. breitt skal vera yfir útidrym.

1.5.8 Stigar og handrið

Stigar inni eiga að vera úr stáli og mótaðir úr stálplötum, skv. NS-2660 eða sambærilegum staðli. Allir stigar þar sem farþegar fara um skulu vera með handriði báðum megin.

Breidd stiga skal vera 1200 mm. þar sem farþegar fara um og skal hallinn vera minni en 45° miðað við lárétt. Annars staðar skal fylgja kröfum SÍ og flokkunarfélaga.

Stigaþrepinn skulu almennt klædd sama efni og gangar og á brún þrepanna skal settur gúmmílisti til varnar gegn skriði. Á brún stigaþrepa upp í brú skulu vera rör með ljósum í. Handrið skulu vera á báðum hliðum allra stiga, í göngum og innan á brúarþiljum.

Á veðurþílförum skulu vera handrið allstaðar þar sem nauðsynlegt er talið vegna öryggis eða að ósk verkaupa. Bil á milli rima í handriðum skal hvergi vera meira en 100 mm og rimar skulu vera lóðréttar.

Handrið eiga að öðru leyti að vera gerð samkvæmt kröfum SÍ.

Öll opin þilför og stigar skulu vera með fullnægjandi hálkuvörn sem samþykkist af verkkaupa.

1.5.9 Aðstaða fyrir farþega

Í skipinu skal vera aðstaða innandyra fyrir 300 farþega í sætum.

Lágmark 125 farþegar skulu geta setið við borð og að lágmarki 100 farþegar í sætum í setustofum með sjónvarpi.

Gólfpláss í matsal og setustofum skal vera a.m.k. 450 fermetra samanlagt.

Í skipinu skal vera veitingaaðstaða þar sem farþegar geta keypt veitingar og neytt þeirra. Afgreiðsluborð skal vera aðgengilegt. Í farþegarými skulu vera salerni fyrir konur og karla. Inn á karlasalerni skulu að lágmarki vera 2 þvagskálur, 5 klósett og 3 vaskar. Inná kvennasalerni skulu vera að lágmarki 6 klósett og 3 vaskar. Að auki skal að lágmarki vera eitt salerni fyrir fatlaða með einum vask. Salerni skal vera á hverju farþegaþilfari.

Með tilliti til þess að auka vellíðan farþega skal matsalur og veitingaaðstaða ekki vera staðsett framarlega í skipinu, heldur sem næst miðju skipi.

Sæti skulu vera bólstruð og fest niður í gólf. Sæti við borð í matsal skulu annað hvort vera bólstraðir bekkir eða stólar með snúningsfæti. Öll sæti skulu hönnuð í samræmi við IMO Code HSC. Burðargrind skal prófuð skv. viðauka 10 í IMO Code HSC. Bólstrun skal vera prófuð skv. kröfum IMO FTP Code Res.A652 eða sambærilegt.

Sæti í setustofum skulu vera flugvéla/lestarstólar með stillanlegu baki. Armar milli stóla skulu vera tvöfaldir. Það skal vera hægt að horfa á sjónvarp eða á skjávarpa í setustofu og skulu skjáir vera nægilega margir til að allir geti séð vel á þá. Miða skal við að fjarlægð frá sæti að næsta skjá skal að hámarki vera 0,3X"hornalínu skjás" í metrum þar sem hornalína skjás er í tommum.

Í farþegasal skal vera barnahorn með leiktækjum og sjónvarpi. Það skal ekki vera minna en 15 fermetrar.

Skipið skal vera útbúið með farþegalyftu sem gengur frá ekjuþilfari og upp á efsta þilfar með útgöngum á öllum þilförum. Lyftan skal gerð til að flytja sex manns, og skal hún vera að lágmarki 1,2 m á breidd og 2,0 m á lengd. Lyftuhurð skal vera það breið að hjólastóll komist út.

Við hönnun þjónusturýma skal hugað sérstaklega vel að því að aðgengi fyrir fatlaða verði sem best og allt litaval hugsað með þarfir sjónskertra í huga. Stuðst skal við úttektarýkil félagsmálaráðuneytis vegna aðgengis fatlaðra

Inngangur farþega í skipið verður í báðum síðum, og í nálægð við þá skal vera farangursgeymsla með hillum, sem mögulegt er að læsa á meðan skipið er á ferð.

Farþegum skal vera kleift að fara út á veðurþilfar og þar skulu vera bekkir með sætum fyrir að lágmarki 30 manns. Fyrirkomulag skorsteina skal vera þannig að útblástur véla lendi ekki á farþegum á veðurþilfari. Á veðurþilfari skal gera ráð fyrir skoti að lágmarki 10 fermetra að stærð þar sem unnt er að reykja í skjóli fyrir vindi úr öllum áttum.

1.5.10 Hávaða og titringskröfur

Við lokahönnun og þegar þil, loft, lagnir, leiðslur ofl. er sett upp skal leitast við að lágmarka titring og hávaða.

Háprýstivökvakerfi skal sett upp þannig að sem minnstur hávaði berist inn í vistarverur og skal miðað við kröfur SÍ.

Hávaðamörk í tveggja (2) metra fjarlægð frá inntaks-og útblásturopum loftræstingar á farþegaþilförum skulu vera undir 60 db (A).

Titrimsmörk þ.e. mestu hröðun og hraði RMS gildi:

Tíðnisvið	1 – 5 Hz	5 – 80 Hz
Hröðun (mm/sek ²)		
- Lárétt	120	
- Lóðrétt	240	
Hraði (m/sek)		
- Lárétt		4
- Lóðrétt		8

1.5.11 Loftræsting og hitunarkerfi

Öll rými í skipinu skulu hafa vélræna eða náttúrulega loftræstingu í samræmi við viðeigandi reglugerðir.

Til loftræstingar káetum og farþegasala skal setja upp loftræstikerfi af viðurkenndri gerð fyrir notkun í skipum með blásara, síu og hitara. Hitarinn skal taka heitt vatn frá miðstöðvarkerfi skipsins til forhitunar á lofti. Loftkælingarkerfi fyrir íbúðir skal byggt inn í loftræstikerfið og skal það nota sama loftstokkakerfi og hitaða loftið

Við hönnun loftræstingar skal leita leiða til að draga sem mest úr lofthraða til að fyrirbyggja hávaða. Vatnsgildirur skulu vera í inntökum.

Allar lúgur og hlífar skulu vera úr galvanhúðuðu stáli eða öðru tæringarfríu efni og lamir og læsingar skulu vera úr ryðfríu stáli.

Loftstokkar skulu hafa lúgur á viðeigandi stöðum til eftirlits og hreinsunar.

Öllum loftblásurum skal vera hægt að stjórna utan rýmanna sem þeir þjóna.

Lágmarksfjöldi loftskipta á klst. skulu vera sem hér segir:

	Blástur	Útsog
Matsalur og setustofur	15 /klst	
Eldhús	20	40 x/klst
Sjúkraklefi		8
Salerni		20
Ekjurými	20	

Almennt skal við það miðað að jafngildishljóðstig vegna loftræstingar fari ekki yfir 35 dB.

Við hönnun loftræstiskerfi skal miða við eftirfarandi forsendur:

Vetur:	Útihitastig:	-15°C
	Innihitastig:	+23°C - 50/60% rakastig
Sumar:	Útihitastig:	+20°C - 80% rakastig
	Innihitastig:	+23°C - 50% rakastig
Sjór:	Vetur:	+5°C
	Sumar:	+15°C

Lofti skal blásið þannig inn í íbúðir að hvorki myndist dragsúgur né dauð svæði. Við loftun úr matsal skal hugað að því að yfirþrýstingur haldist í honum miðað við eldhús.

Blásarinn skal dreifa loftinu gegnum einangraða stokka. Stokkar og stútar skulu einangraðir gegn rakapéttingu og hávaða.

Allir loftstokkar og stútar skulu hafa nægilegt þvermál til þess að tryggja að hávaði verði innan hávaðamarka. Allar beygjur og tengingar skulu vera straumlínulegar. Allir inntaksstútar skulu klæddir með steinull.

Sérstakt útsög skal vera frá salernum. Það skal liggja hátt upp fyrir efsta þilfar og vera staðsett eins langt frá loftinntökum íbúða og mögulegt er. Hljóðstig loftræstiskerfi skal ekki vera hærra en jafngildishljóðstigið $L_{A,eq,T}=40$ dB

Eldhús skal hafa sérstakt útsögskjerfi sem liggur upp á opið þilfar og er með gufugleypu yfir eldunarbúnaði. Útblástur frá eldhúsi skal liggja eins langt frá loftinntökum íbúða og mögulegt er. Hljóðstig loftræstiskerfi skal ekki vera hærra en jafngildishljóðstigið $L_{A,eq,T}=40$ dB.

Loftræstiskerfi skal vera í ekjurými og skal miða við að lágmarki 20 loftskipti á klukkustund. Loftræstistokkar skulu vera úr stáli og stjórn loftblásara skal möguleg utan og innan rýmis. Miða skal við að lágmarki 4 blásara og skulu þeir vera staðsettir í sitt hvorum enda rýmisins. Þeir eiga að geta unnið í báðar áttir þ.e. blásið og sogað. Hávaðamörk í 2 metra fjarlægð frá útblásturpöllum loftræstingar skal ekki vera yfir $L_{A,eq,T}=55$ dB.

Í skipinu skal vera miðlægt miðstöðvarkerfi sem er nægilega öflugt til þess að halda stöðugum 23° C hita við þau umhverfisskilyrði sem tilgreind eru. Einnig skal það sjá fyrir upphituðu neysluvatni.

1.5.12 Hreinlætis- og neysluvatnskerfi

Ferskvatnskerfi skipsins skal knúið tveimur rafmagnsdælum og tveim aðskildum neysluvatnskerfum. Önnur dælan skal vera fyrir neysluvatn og sem notað er í vistarverur skipsins og hin til annarra þarfa s.s. þvotta ofl.

Neysluvatnskerfið skal flytja heitt og kalt vatn frá ryðfríum vatnsgeymum skipsins að hringrásardælum og öllum krönum í skipinu.

Allar lagnir skulu vera úr ryðfríu stáli og lokar úr sama efni. Tryggja skal lagnir og búnað sem tengist neysluvatnskerfinu frá galvanískri tæringu.

Heitavatnslagnir skulu vera hringtengdar og tengdar hringrásardælu til að halda nægu framboði af heitu og köldu vatni í öllum krönum skipsins.

Tæming allra salernistækja skal vera í gegnum vacuumkerfi og leitt í sérstakan salernistank.

Vacuumkerfið skal vera af viðurkenndri gerð með tveimur aðskildum vacuum dælum og sérstakri dælu til tæmingar.

Allar niðurfallsagnir að tanka skulu útbúnaðar með vatnslásum til að minnka lykt.

Soglagnir skulu útbúnaðar einstefnulokum til að hindra bakflæði.

Kerfi til tæmingar skal vera bæði hand- og sjálfvirk.

Skolvatn frá eldhúsi, vöskum, sturtum ofl. skal leitt í sérstakan skolvatnsgeymi.

Skolvatn frá eldhúsi skal leitt í sérstakri lögn í geymi.

1.6 Aðalhlutar vélbúnaðar

1.6.1 Almenn

Allur aðalvélabúnaður skal hannaður miðað við hámarkssjávarhita 15° C og hita umhverfis vélar 45° C. Hönnun varmaskipta skal gera ráð fyrir 50% yfirstærð vegna óhreininda.

Aðalvélbúnaður skal samanstanda af tveimur settum af aðalvélum, niðurfærslugírur, ásráfölum og skrúfubúnaði sem eru algjörlega óháð hvort öðru og skal hvor um sig geta keyrt þrátt fyrir að hinn sé óvirkur.

Allir rafalar í ferjunni skulu vera lekapólnir skiparafalar og skulu útbúnir til stöðugar samkeyrslu.

1.6.2 Aðalvélar

Aðalvélabúnaður skal vera nógu öflugur til þess að skipið geti haldið stöðugum 15 sjómílna hraða á klst. við 75% hleðslu, sjá nánari skilgreiningu í kafla 2.1.

Aðalvél, skrúfa og stýribúnaður skulu vera nægilega öflug til þess að geta snúið skipinu við verstu aðstæður á móti vindálagi sem er allt að 30 m/sek þvert á skipið.

Stöðvunarlengd ferju frá 15 sjómílna hraða á klst. þar til skipið stöðvast skal ekki vera meiri en þreföld lengd skips.

Kæling aðalvéla skal fara fram með boxkælum þ.e. innbyggðar sjókistur með kælum, og skulu sjóinntök vera á síðum en ekki botni. Grindur skulu vera fyrir sjóinntökum.

Vegna krappa alda utan við Bakkafjörúhöfn og litla djúpristu ferju er ákveðin hætta á að skrúfur komi upp úr sjó og geti þar með valdið yfirsúnning á vél. Þetta skal hafa í huga við val á vélbúnaði og yfirsúningsvara. Yfirsúningsvari má ekki slá út aðalvél.

1.6.3 Gír og skrúfubúnaður

Skrúfubúnaður skal vera hannaður með tíðnisvið aðalvéla og skipsskrokks í huga. Hönnunin skal tryggja að engar hættulegar spennur myndist vegna titrings við venjulega notkun.

Skipið skal búið tveimur skiptiskrúfum úr ryðfríu stáli. Skrúfan skal hönnuð með tilliti til skrokksins, í þeim tilgangi að lágmarka sem mögulegt er titring í skrokk og vélbúnaði.

Skrúfublöð skulu vélunnin, slípuð og jafnvægisstillt eftir staðli ISO R 484 Class 1 og Class S fyrir yfirborð.

1.6.4 Rafmagnsframleiðsla

Tveir ásrafalar- einn á hvorum gír skulu vera aðalraforkugjafar skipsins.

Auk ásrafalanna skal í vélarúmi koma fyrir að lágmarki einni hjálparvél til rafmagnsframleiðslu.

Hjálparvélin skal vera nægilega stór til að anna allri raforkuþörf við lestun og losun skipsins og skal hafa sjálfvirkan ræsibúnað.

Utan vélarúms skal koma fyrir hafnarljósavél sem þarf að geta séð skipinu fyrir nægu rafmagni fyrir eftirfarandi:

- eldhús,
- ferskvatnskerfi,
- loftræstingu og hitun,
- loftpressum,
- brunadælum,
- verkstæðum og
- allri lýsingu.

Hjálparvélar og rafalar skulu vera á mótorpúðum sem eru nægilega stórir til að eyða titring frá búnaðinum.

Hjálparvél og hafnarljósavél skulu útbúnaðar með staðbundinni stjórnun og stjórnun frá stjórnklefa.

1.6.5 Neyðarljósavél

Neyðarljósavél með sambyggðum rafala og neyðarrafmagnstöflu skal sett niður í rými í skipinu utan vélarúms og ofan ekjupílars.

Ljósavélin skal vera með vatnskassakælingu og rafallinn loftkældur.

1.6.6 Ásrafalar

Ásrafalar skulu vera nægilega stórir hvor um sig til að sameiginleg orka annars þeirra og aðalljósavélar geti annað allri raforkupörf skipsins og þar með talinni bógskrúfu, í því tilfelli að annar ásrafallinn verði óvirkur.

Ásrafalar skulu vera vatnskældir og með hitanemum í vafningum og legum.

1.7 Kerfi fyrir aðalhluta vélbúnaðar

1.7.1 Almenn

Hönnunarkröfur til framdriftabúnaðar og tengdra kerfa eru byggðar á hámarkshita sjávar 15°C og lofthita í vélarúmum 45°C í samræmi við staðlaðar ISO-kröfur framleiðenda.

Lagnir skulu festar samkvæmt viðeigandi reglum flokkunarfélags til þess að koma í veg fyrir titring. Þar sem hætta er á að þær verði fyrir hnjaski skulu settar hlífar yfir.

Rafmagnshitalagnir skulu vera í síðulokum utan vélarúms þar sem hætta er á að frjósi.

1.7.2 Afgaskerfi

Aðalvélaafgaslagnir skulu leiddar í gegnum hljóðdeyfi sem deyfir hávaða niður í 40 dB.

Lagnirnar skulu vera með sveigjanlegum þenslustykkjum eins og þörf krefur og festingar lagna í skip skulu vera sveigjanlegar og með viðurkenndum titringsdeyfum. Hjálparvélaafgaslagnir skulu vera með svipuðum frágangi og aðalvélaafgaslagnir.

1.7.3 Stjórnkerfi véla

Skipið skal búið miðlægu stjórnkerfi sem skal hannað og búið til að tryggja fullnægjandi stjórnun með lágmarks mönnun.

Staðbundin handvirk stjórnþæki og mælar skulu vera til staðar þannig að áhöfn geti siglt skipinu til hafnar í því tilfelli að sjálfvirk og fjarstýrð kerfi bili.

Aðalstjórnklefi skal vera í vélarúmi og í honum verða aðalrafmagnstöflur, startarar og stjórnþæki fyrir vélar og skrufubúnað.

1.7.4 Eldsneyti til keyrslu aðal- og hjálparvéla

Útblástur frá aðal- og hjálparvélum skal uppfylla alla gildandi og væntanlega íslenska og alþjóðlega staðla og reglur er varða mengun frá vélbúnaði. Verktaka er heimilt að velja þann orkugjafa sem hann telur hentugastan (að því tilskildu að hann sé auðfenginn á Íslandi). Verktaki skal leggja fram upplýsingar um áætlaðan CO₂ og NO_x útblástur véla. Skila skal lýsing á því hvernig vélbúnaðurinn nýti orkugjafann. Við mat á ferju þá verður metið hversu umhverfisvæn viðkomandi vél og eldsneyti er. Sé gert ráð fyrir að svartolía verði notuð sem aðalafgjafi aðalvéla skal vera hægt að gangsetja aðalvélarar á því eldsneyti.

1.8 Skipskerfi

1.8.1 Kjölfestukerfi

Allt efni í lögnum skal vera heitgalvanhúðuð stálrör.

Skipið skal búið sjókjölfestukerfi.

Dælum skal vera hægt að stjórna úr vélarúmi og brú.

Neyðarsöglögn skal vera frá ferskvatnsgeymum.

1.8.2 Austurkerfi

Vatnshæðarnemar skulu vera aftast og fremst í vélarýmum, í stýrisvélarými og hliðarskrúfurými.

1.8.3 Niðurföll og frárennsli af þilförum

Niðurföll skulu vera sett þar sem þörf er talin á lægstu punktum á þilförum, rennusteinum, gólfum, salernum ofl. og geta tekið við vatni ef skipið hallar fram eða aftur.

Niðurfallsrör, kælivatnsrör og fráveiturör skulu koma út úr síðu ekki hærra en 500 mm. yfir hleðsluborði skips og utan við það svæði þar sem björgunarbáta blásast upp eða eru bundnir við skipið þegar farið er um borð í björgunarbáta.

1.8.4 Háþrýstivökvakerfi

Rafknúnar háþrýstivökvadælar fyrir m.a. skut- og stafnlokur, akkerisvindur og landfestavindur skulu settar upp í sér rými.

Háþrýstikerfið skal vera tvískipt með tvo sjálfstæða vökvatanka og aflgjafa. Aflgjafar skulu vera krosstengdir þannig að hvor aflgjafi um sig skal geta knúið stafn- og skutlokur og akkerisvindur, og mögulegt skal vera að skipta á milli þeirra.

Einnig skal vera til staðar færanleg neyðardæla til að nota við hvora stafnloku í neyðartilfellum.

1.8.5 Rafbúnaður

Allur rafbúnaður, niðursetning, og tæki skulu uppfylla kröfur flokkunarfélags og SÍ.

Allur búnaður skal vera ætlaður til skipa og hannaður fyrir umhverfishita 45°C en á heitum stöðum getur hitinn farið yfir 80°C með mikið rakt loft með háu saltinnihaldi og olíugufum.

Hönnun rafkerfis skal miða við að við fullt álag á raforkukerfi skipsins verði aldrei meira en sem nemur 85% af vinnuafli rafala.

Gera skal keyrslugreiningu skv. DVS 09015 fyrir rafkerfið, og skal álag á rafkerfi aldrei verða meira en sem nemur 85% af vinnuafli rafala.

Allur rafbúnaður, tæki, spennujafnarar ofl. skulu ekki verða fyrir truflunum af völdum spanstraums eða geislunar frá öðrum rafbúnaði um borð. Öll tæki skulu jarðtengd í skip.

Í farpegasölum skal komið fyrir aðstöðu þar sem farþegar geti tengt raftæki sem þeir hafa meðferðis svo sem tölvur, síma og hleðslutæki fyrir myndvélar.

Í brú skal vera sérstakur orkugjafi sem sér nauðsynlegum tækjum fyrir straumi við aflrof aðalraforkugjafa. Mikilvæg siglingatæki og tölvubúnaður skal verndaður með þessum búnaði.

Merkja skal öll tæki, rafmagnstöflur, rofa ofl. með merkiplötum

1.8.6 Landtenging

Stærð landtengingar skal vera nægileg til þess að anna eftirfarandi:

- eldhús,
- neysluvatnskerfi,
- loftræsting og hitun,
- loftpressur,
- slökkvidælur,
- verkstæði
- öll lýsing innandyra sem innandyra.

Einangrunarspennar skulu vera við landtengingu.

1.8.7 Aðalrafmagnstafla

Aðaltöflur fyrir rafmagn skulu vera með aðgengi að framan, alveg lokaðar, rykþéttar og með innibýggða hitara til að koma í veg fyrir rakamyndun í keyrslustoppum.

Rafalar skulu gerðir fyrir bæði handvirka og sjálfvirka samfösun til samkeyrslu, og töflur skulu útbúnar fyrir það.

Setja skal valrofa sem velur og slær út ónauðsynlegum notendum við yfirálag.

1.8.8 Spennubreytar

Spennubreytar skulu hafa náttúrulega loftkælingu og vera af lekaheldri skipagerð. Stærð og fjöldi spennubreyta skal vera þannig að þeir hafi samanlagt 100% umframgetu við allar notkunaraðstæður, og að hver spennir sé ekki minni en 110% af notkunarálagi.

1.8.9 Raflagnir

Allar lagnir skulu vera staðlaðar skipalagnir af gerðinni EPR (Ethylene, Propylene, Rubber) eða sambærilegt. Gæði í samræmi við kröfur flokkunarfélags.

Á heitum svæðum þar sem hiti fer yfir 60°C skal nota hitaþolnar lagnir og staðsetja eins langt frá hitagjafa og mögulegt er.

Lagnir skulu vera festar á tæringarfrítt efni eða í lagnastokka úr heitgalvanhúðuðu efni. Þar sem hætta er á að þær verði fyrir hnjaski, þar með talin opin dekk, skal nota hlífar.

Ekki skal setja meira en tvö lög af lögnum á lagnastokka. Þar sem lagnir fara gegnum þilfar skal hlífa þeim með rörum. Lagnir sem fara í gegnum vatnspétt þil skulu fara í gegnum vatnspétt gegnumtök.

Í káetum og farþegarýmum skulu allar lagnir vera faldar, og þar sem þær tengjast rofum og innstungum skal ekki sjást í þær.

Allir rofar skulu vera af skipagerð.

1.8.10 Raflýsing

Nægileg og hæfileg lýsing skal sett upp í skipinu. Í göngum inni, klefum, matsal, setustofu, á stjórnþalli ofl. skal lýsing vera nútímaleg og birtan skal vera þægileg

Allri lýsingu í brú skal vera hægt að stýra með ljósdeyfi þar með taldir lampar yfir borðum og tækjum.

Tvö aðskilin lýsingarkerfi skulu sett upp sem eru:

- Venjuleg lýsing,

- Neyðarlýsing frá 24 V kerfinu samkvæmt reglugerðum.

Lýsing í göngum, anddyri, stigum, almennum rýmum skulu vera á öðrum rásum en önnur lýsing.

Almennt skal styrkur lýsingar í rýmum vera eftirfarandi:

Rými/svæði	Styrkur í lux	Athugasemdir
Vélarúm	200	300 við stjórnþúlt
Stjórnklefi	300	Vinnustöðvar
Verkstæði	300	
Geymslur	200	
Eldhús, birgðageymsla	300	
Matsalur og setustofa	150	
Sjúkraklefi	300	Ljósdeyfir
Klefar	150	250 við skrifborð
Salerni	150	
Stjórnþallur (næturlýsing) (við bryggju)	10 150	Sérstök rauð ljós í lofti Venjuleg ljós
Ekjupilfar	150	
Opin þilför á gönguleiðum	50	
Opin farþegaþilför	100	150 við stiga
Neyðarvélarými	300	Vinnustöðvar

Hugað skal að því að lýsingu sé stjórnað frá þeim stað þar sem aðeins áhöfn hefur aðgang að

Á öllum þilförum skal vera góð þilfarslýsing þannig að sjóndaprir komist örugglega um skipið. Við alla stiga utandyra skal huga sérstaklega að lýsingu. Ofan við allar hurðir að farþegarýmum skulu vera sérstök ljós sem beina farþegum að þeim rýmum.

Neyðarlýsing skal vera næg til að tryggja greiða rýmingu skips að mótstöðum og þaðan að björgunarförum.

Á brúarþak skulu vera tveir (2) stk. Halogen leitarljós, 2000 W með rafstýrðri fjarstýringu.

2 Rekstrarlýsing ferju

2.1 Almennt

Óskað er eftir tilboðum til að annast flutninga á fólki-, bílum- og vörum milli Vestmannaeyja og Bakkafjörú.

Óskað er tilboða í ferðir miðað við vetrar-, vor-, haust- og sumaráætlun. Ennfremur er óskað tilboða í ferðir utan þeirra tímamarka sem gefin eru upp í uppgefnum áætlunum.

Verktaki skal útvega ferju samkvæmt nánari þarfalýsingu í kafla 2 og nota hana við flutninga þessa. Sú ferja skal vera í eigu verktaka og skal hann annast allan kostnað við rekstur skipsins, þ.e. mönnun, kaup vista, viðhald, þrif, slíptökur og allt annað sem til fellur í rekstri ferjunnar.

Heildarflutningsmagn með ferju til og frá Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn hefur verið um 120.000 farþegar og yfir 30.000 bifreiðar á ári og 2.500 flutningabílar. Nánari upplýsingar um magn flutninga með m/s. Herjólfu eru í viðauka.

Stýrihópur um Bakkafjörúhöfn fékk árið 2006 Háskólann á Bifröst til að gera umferðarspá fyrir Bakkaferju til ársins 2020. Umferðarspána má sjá á heimsíðu Siglingastofnunar, Samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar undir slóðinni:

“www.vegagerdin.is/Bakkafjoruhofn.nsf”.

Verkkaupi ber ekki ábyrgð á umferðarspánni sem þarna birtist og er ekki bótaskyldur þó að spáin gangi ekki eftir.

Áætlun lengd siglingar frá Bakkafjörú að Bäsaskersbryggju í Vestmannaeyjum er um 6,4 sjómíllur. Frá Bäsaskersbryggju að Klettsnefi eru um 0,6 sjómíllur og frá bryggju á Bakkafjörú að hafnarmynni garða innan við 0,4 sjómíllur.

2.2 Áætlunarferðir

Áætlunarferðir skulu vera eins og greint er frá hér á eftir og má ekki undir neinum kringumstæðum víkja frá þeim eins og tilgreint er í útboðslýsingu þessari nema um það berist beiðni frá verkkaupa eða um það náist samkomulag milli samningsaðila.

2.2.1 Grunnáætlun

Ferja skal leggja úr höfn í Vestmannaeyjum að jafnaði alla virka daga kl. 07:30 og sigla samfelld til Bakkafjörú, hafa þar viðkomu og sigla aftur til baka kl. 8:30. Síðasta ferð yfir vetrarmánuði er að jafnaði frá Bakkafjörú kl. 20:00. Síðasta ferð á sumrin er að jafnaði frá Bakkafjörú kl. 23:00.

Ein ferð er skilgreind sem sigling Vestmannaeyjar-Bakkafjara–Vestmannaeyjar.

Allir uppgefnir tímar miðast við brottfarartíma í viðkomandi höfn.

2.2.2 Vetraráætlun

Yfir vetrarmánuðina frá 1. nóvember til 1. mars er miðað við fjórar ferðir á dag. Á annasömum dögum er miðað við að ferðir geti orðið allt sex ferðir á dag.

Alla virka daga nema föstudaga verða fjórar ferðir á dag

frá Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 17:00, 19:00

frá Bakkafjörú kl. 8:30, 10:30, 18:00, 20:00

Á föstudögum verða fimm ferðir á dag

frá Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 14:00, 17:00, 19:00

Bakkafjörú kl. 8:30, 10:30, 15:00, 18:00, 20:00

Á laugardögum verða þrjár ferðir á dag

Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 17:00

Bakkafjörú kl. 8:30, 10:30, 18:00

Á sunnudögum verða fjórar ferðir á dag:

Vestmannaeyjum kl. 11:30, 15:00, 17:00, 19:00

Bakkafjörú kl. 12:30, 16:00, 18:00, 20:00

Á Þorláksmessu og laugardaginn fyrir jól verða fjórar ferðir:

Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 17:00, 19:00

Bakkafjörú kl. 8:30, 10:30, 18:00, 20:00

Á aðfangadag og gamlársdag, verða þrjár ferðir:

Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 12:30

Bakkafjörú kl. 8:30, 10:30, 13:30

Ferðir falla niður á jóladag og nýársdag.

2.2.3 Vor- og haustáætlun

Á vorin frá 1. mars til 30. apríl og 1. september til 31. október er miðað við fimm ferðir á dag á annasömum dögum geta ferðirnar orðið allt að sjö ferðir á dag.

Alla virka daga nema föstudaga verða fimm ferðir á dag

frá Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 16:00, 18:00, 20:00

frá Bakkafjörú kl. 8:30, 10:30, 17:00, 19:00, 21:00

Á föstudögum verða sex ferðir á dag

frá Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 14:00, 16:00, 18:00, 20:00

Bakkafjörú kl. 8:30, 10:30, 15:00, 17:00, 19:00, 21:00

Á laugardögum verða fjórar ferðir á dag

Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 18:00, 20:00

Bakkafjörú kl. 8:30, 10:30, 19:00, 21:00

Á sunnudögum verða fimm ferðir á dag:

Vestmannaeyjum kl. 11:30, 14:00, 16:00, 18:00, 20:00

Bakkafjörú kl. 12:30, 15:00, 17:00, 18:00, 21:00

Á skírdag, sumardaginn fyrsta og annan í páskum verða fjórar ferðir:

Vestmannaeyjum kl. 9:30, 16:00, 18:00, 20:00

Bakkafjörú kl. 10:30, 17:00, 19:00, 21:00

Á föstudaginn langa og páskadag verða tvær ferðir:

Vestmannaeyjum kl. 16:00, 18:00

Bakkafjörú kl. 17:00, 19:00

2.2.4 Sumaráætlun

Yfir sumarmánuðina frá 1. maí til 31. ágúst er miðað við sex ferðir á dag, á annasömum dögum geta ferðirnar orðið allt að átta ferðir á dag. Alla virka daga nema föstudaga verða sex ferðir á dag:

Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 16:00, 18:00, 20:00, 22:00

Bakkafjöru kl. 8:30, 10:30, 17:00, 19:00, 21:00, 23:00

Á föstudögum verða sjö ferðir á dag:

Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 11:30, 16:00, 18:00, 20:00, 22:00

Bakkafjöru kl. 8:30, 10:30, 12:30, 17:00, 19:00, 21:00, 23:00

Á laugardögum verða fjórar ferðir á dag:

Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 16:00, 18:00

Bakkafjöru kl. 8:30, 10:30, 17:00, 19:00

Á sunnudögum verða sjö ferðir á dag:

Vestmannaeyjum kl. 9:30, 11:30, 14:00, 16:00, 18:00, 20:00, 22:00

Bakkafjöru kl. 10:30, 12:30, 15:00, 17:00, 19:00, 21:00, 23:00

Á hvítasunnudag og sjómannadag verða fjórar ferðir:

Vestmannaeyjum kl. 16:00, 18:00, 20:00, 22:00

Bakkafjöru kl. 17:00, 19:00, 21:00, 23:00

Á annan í hvítasunnu, uppstigningardag, 1. maí og 17. júní verða sex ferðir.

Vestmannaeyjum kl. 9:30, 11:30, 16:00, 18:00, 20:00, 22:00

Bakkafjöru kl. 10:30, 12:30, 17:00, 19:00, 21:00, 23:00

Áætlun breytist vegna Þjóðhátíðar Vestmannaeyja á eftirfarandi hátt:

Á fimmtudegi fyrir Þjóðhátíð verða sjö ferðir:

Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 16:00, 18:00, 20:00, 22:00, 24:00.

Bakkafjöru kl. 8:30, 10:30, 17:00, 19:00, 21:00, 23:00.

Á föstudegi fyrir Þjóðhátíð verða níu ferðir:

Vestmannaeyjum kl. 5:30, 7:30, 9:30, 11:30, 14:00, 16:00, 18:00, 20:00, 22:00

Bakkafjöru kl. 01:00, 6:30, 8:30, 10:30, 12:30, 15:00, 17:00, 19:00, 21:00, 23:00

Á laugardegi á Þjóðhátíð verða fjórar ferðir:

Vestmannaeyjum kl. 7:30, 9:30, 11:30, 14:00,

Bakkafjöru kl. 8:30, 10:30, 12:30, 15:00

Á sunnudegi á Þjóðhátíð verða fjórar ferðir:

Vestmannaeyjum kl. 14:00, 16:00, 18:00, 20:00

Bakkafjöru kl. 15:00, 16:00, 19:00, 21:00

Á mánudegi á Þjóðhátíð verða sjö ferðir:

Vestmannaeyjum kl. 12:00, 14:00, 16:00, 18:00, 20:00, 22:00, 24:00

Bakkafjöru kl. 13:00, 15:00, 17:00, 19:00, 21:00, 23:00,

Á þriðjudegi eftir Þjóðhátíð verða sjö ferðir:

Vestmannaeyjum kl. 5:30, 7:30, 9:30, 16:00, 18:00, 20:00, 22:00

Bakkafjörú kl. 01:00, 6:30, 8:30, 10:30, 17:00, 19:00, 21:00, 23:00

2.2.5 Almennt

Falli ferð niður vegna veðurs, bilunar skips eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum skal ferð farin eins fljótt og unnt er, svo framarlega sem fyrirsjáanlegt er að ferðinni verði lokið áður en næsta ferð samkvæmt áætlun á að hefjast. Verktaka er þó ekki skylt að fara ferð eftir kl. 20:30 að vetri til, eftir kl. 21:30 á vorin og haustin og eftir kl. 23:30 á sumrin nema að áætlun geri ráð fyrir því.

Ef ferðir falla niður vegna bilunar skips eða af öðrum ástæðum sem ekki er unnt að rekja til veðurs þá fær verktaki ekki greitt fyrir ferðirnar sem falla niður.

Aukaferðir skulu farnar, í kringum föst stórmót í íþróttum, sem haldin eru í Vestmannaeyjum, eða að öðru tilefni, ef verkkaupi óskar þess. Ein ferð er t.d. farin aðfararnótt mánudags eftir Þeyjamót, ein ferð getur verið farin í kringum Þæjumót og goslokahtíð. Þessar ferðir eru reiknaðar inn í ferðafjölda á tilboðsblaði.

Ef tafir hafa orðið á leiðinni til Vestmannaeyja eða Bakkafjörú skal verktaki stytta viðverutímann eins og kostur til að áætlunin riðlist ekki.

Frávik frá brottfarartíma í upphafi ferðar í Vestmannaeyjum og Bakkafjörú skulu vera eins lítil og mögulegt er og ferðir skulu vera samfelldar og án tafa.

Verkkaupi, í samkomulagi við bæjarstjórn Vestmannaeyja, áskilur sér rétt til þess að breyta tímaáætlun án þess að til aukagreiðslna komi. Ef breytingar verða gerðar á áætlun verður það gert þegar ný áætlun tekur gildi þ.e. 1. mars, 1. maí, 1. september og 1. nóvember.

Verkkaupa er heimilt að fara fram á við verktaka að sigla til Þorlákshafnar ef t.d. ófært er til Bakkafjörú. Slík beiðni skal vera með sannanlegum hætti t.d. í formi tölvuskeytis.

2.3 Auglýsingar og markaðssetning

Auglýsingar og markaðssetning eru alfarið í höndum verktaka og á hans kostnað. Verktaki skal gefa út auglýsingu um ferðir skipsins og gjaldskrá. Verktaki skal ávallt geta þess að unnt sé að koma kvörtunum um starfsemina á framfæri.

Verktaki skal halda úti heimasíðu og símsvarapjónustu sem gefur upp hvernig áætlunarsiglingum er háttað á því léni sem verkkaupi útvegar. Á heimasíðunni skal koma fram með skilmerkilegum hætti gjaldskrá Bakkaferju. Einnig skal hengja upp auglýsingu um áætlunarferðir og gjaldskrá áberandi stað um borð í ferjunni og í farþegaaðstöðunni í Vestmannaeyjum og Bakkafjörú. Tilkynningarnar skulu endurnýjaðar í samræmi við gjaldskrá og áætlunarferðir. Gefa skal út smáblöðung að lágmarki 4000 eintök tvisvar ári annars vegar 15. apríl og hins vegar 15. október þar sem gerð er grein fyrir áætlun sem gildir næstu 12 mánuði.

Mánuð fyrir útgáfu smáblöðunga verður verkkaupi og verktaki búnir að koma sér saman um áætlunarferðir.

Ef ferðir falla niður vegna skemmda á skipi, veðurs eða af öðrum ótilgreindum ástæðum skal verktaki auglýsa það í Ríkisútvarpinu eða í öðrum þeim miðli sem verkkaupi samþykkir. Einnig skal verktaki koma að fréttatilkynningu í fjölmiðlum.

2.4 Aðrar siglingar verktaka

Auk þeirra ferða sem greint er frá í áætlunarferðum skal verktaki fara aukaferðir fyrir verkkaupa, sé þess óskað. Aukaferðir falla ekki undir áætlunarferðir, annað hvort eru

þær pantaðar með stuttum fyrirvara eða það er siglt til annars staðar en frá Vestmannaeyjum til Bakkafljóru eða Þorlákshafnar.

Höfnin sem skipið leggur frá verður þó að vera bundin annarri hvorri viðkomuhöfn áætlunarferða.

Aukaferðir skal panta með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

Verktaka er heimilt að nota skipið til annarra siglinga utan þess tíma sem ætlaður er til áætlunarferða, enda verði tryggt að það hafi engin áhrif á þjónustuna og áætlun ferjunnar.

Í öllum tilvikum verður verktaki að hafa lokið áætlunarferðum áður en hann nýtir ferjuna í öðrum rekstri. Einnig skulu aukaferðir á áætlunarleið, umbeðnar af verkkaupa, hafa forgang umfram annan rekstur verktakans á ferjunni. Ef áætlunarferð fellur niður, t.d. vegna veðurs, bilunar skips eða af öðrum ástæðum verður annar rekstur verktakans á ferjunni að vika þar til áætlunarferð er lokið.

2.5 Fólks- og bifreiðaflutningar

Verktaki skal flytja alla þá farþega og bíla sem komnir eru að skipi fyrir áætlaðan brottfarartíma, að því marki sem skipsrúm leyfir samkvæmt ákvæðum og reglum Siglingastofnunar.

Ef farþegar eða ökutæki verða of mörg hafa þeir forgang sem hafa pantað far, en annars fer eftir þeirri röð sem farþegar/ökutæki koma að skipi. Óheimilt er að ráðstafa meira en 40% rýmis á bílaþilfari undir vöruflutninga, nema með sólarhrings fyrirvara. Verkkaupi áskilur sér rétt til að lækka framangreint hlutfall í 35% án þess að til aukagreiðslna komi.

Ekki er heimilt að flytja vöruflutningabifreiðar með síðustu ferð á sunnudögum og föstudögum nema með samþykki verkkaupa.

Þar sem bifreiðaflutningsgeta Bakkaferju er takmörkuð er verktaka heimilt að krefjast greiðslu um leið og pantað er far fyrir bifreiðar.

Um borð í skipinu skal verktaki veita þjónustu við farþega á siglingaleið til og frá Vestmannaeyjum og Bakkafljóru, svo sem veitingar gegn gjaldi sem farþegi greiðir. Allur slíkur rekstur skal vera í umsjá verktaka og án skuldbindinga fyrir verkkaupa á nokkurn hátt.

Verktaki skal sjá um innheimtu fargjalda í samræmi við gjaldskrá. Allar fargjaldtekjur renna óskiptar til verktaka.

2.5.1 Gjaldskrá

Verktaki skal innheimta öll fargjöld í samræmi við gjaldskrá sem verkkaupi lætur honum í té. Gjaldskráin er í grundvallaratriðum byggð á þeirri sjóleið sem sigld er. Gjald fyrir hópferðabifreiðar og vöruflutningabifreiðar fer eftir heildarlengd ökutækis. Virðisaukaskattur er greiddur af flutningi hópibifreiða, vörubifreiða, vinnuvéla og annarra vinnutækja.

Fargjaldið til Þorlákshafnar er 200% hærra en í Bakkafljóru.

Ekki er heimilt að breyta gjaldskrá án samþykkis verkkaupa. Gjaldskrá er heimilt að breyta 1. mars ár hvert þegar áætlun ferjunnar er breytt. Breyting á gjaldskrá miðast við breytingar á verði á tilboðsliðum sbr. kafla 1.2.4.

Verktaki þarf að gera ráð fyrir að þurfa að flytja mannlausa fólksbíla um borð og frá borði, þ.e. að ökumaður fylgir ekki bifreiðinni. Verktaki fær greitt sérstakt gjald fyrir

þjónustuna sem nemur hálfu fargjaldi farþega. Þessi þjónusta er einungis veitt einstaklingum.

Verktaki skal innheimta fargjöld og gjöld fyrir svefnrými að hámarki samkvæmt gjaldskrá sem verkkaupi lætur honum í té. Ekki er heimilt að breyta gjaldskrá án samþykkis verkkaupa.

Verktaka er heimilt að innheimta gjald vegna þráðlausrar nettengingar.

Verktaki skal veita afslætti á fargjöldum með þeim hætti sem um er getið í gjaldskrá. Óheimilt er að mismuna farþegum eða flytjendum með veittum afslætti.

Verktaki skal hafa alla miða númeraða og auðmerkta þannig að afsláttamiðar séu með annað auðkenni en aðrir miðar og hver gjaldaflokkur sé með sitt auðkenni. Útfærsla á þessu skal vera með samþykki eftirlitsaðila verkkaupa.

Einnig stefnir verkkaupi að því að setja upp myndavélakerfi í Bakkafjöru þar sem unnt verður að fylgjast með umferð um bryggju.

2.5.2 Þjónusta

Um borð í skipinu skal verktaki veita þjónustu við farþega á siglingaleið til og frá Vestmannaeyjum og Bakkafjöru, þ.e.a.s. veitingar og þess háttar, gegn eðlilegu gjaldi sem farþegi greiðir. Allur slíkur rekstur skal vera í umsjá verktaka og án skuldbindinga verkkaupa á nokkurn hátt.

Þrif og umhirða ferju skal ávalt vera góð og skal verktaki gera grein fyrir hvernig hann ætlar að standa að því. Ef eftirlitsaðili gerir athugasemd við þrif ferju skal verktaki bregðast við þeim athugasemdum þegar í stað.

Í farþegaaðstöðunni á Bakkafjöru skal vera staðsettur starfsmaður sem sinnir farþegum og afgreiðir. Verktaki skal sjá sjálfur um að taka á móti ferju það er taka við landfestum, dæla vatni um borð eða þjónusta ferju í Bakkafjörühöfn, verkkaupa að kostnaðarlausu.

2.5.3 Almennir farþegaskilmálar

Verktaki skal setja upp almenna farþegaskilmála sem skulu gilda um siglingar og flutninga á farþegum, farmi og farangri með Bakkaferjunni eða öðru skipi sem kemur í stað ferjunnar. Drög að almennum skilmálum eru í viðauka.

2.5.4 Áætlunarferðir hópbifreiða

Stefnt er að því að bjóða út á næsta ári áætlunarferðir hópbifreiða á Suðurlandi og er þá gert ráð fyrir að bjóða út ferðir til og frá Bakkafjöru. Við það verður miðað að minnst tvær ferðir á dag falli að tímasetningu ferju. Gera má ráð fyrir að sumrin verði ferðunum fjölgað um eina. Ákvörðun um endanlega útfærslu verður í samráði við Vegagerðina.

2.6 Starfsmannamál

Verktaki skal skipa framkvæmdastjóra yfir verkefnið og skal hann vera tengiliður við verkkaupa og bera ábyrgð á starfsmannahaldi og starfsmönnum sínum.

Verktaki ber allan kostnað af starfsmannahaldi þ.m.t. kostnað vegna ráðninga, veikinda og fjarvista, þjálfunar og menntunar starfsmanna.

Verktaki skal manna skipið í samræmi við ákvæði laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og vöruflutningaskipa með síðari breytingum.

Auk þess að gera kröfur um hæfni, menntun, reynslu o.s.frv. skal verktaki a.m.k. gera eftirfarandi kröfur til starfsmanna:

- Starfsmenn verktaka skulu bundnir þagnarskyldu um öll málefni sem varða ferjuna. Starfsmenn verktaka skulu skrifa undir yfirlýsingu þess efnis. Þagnarheit gildir einnig eftir að starfsmenn hætta störfum.
- Starfsmenn verktaka skulu vera snyrtilegir til fara og ganga vel um ferju, farþegaaðstöðu og bryggjur.
- Starfsmenn verktaka skulu hafa gott líkamlegt og andlegt heilbrigði til að bera.
- Starfsmenn verktaka skulu hafa sótt slysavarnarskóla sjómanna
- Starfsmenn verktaka skulu kynna sér slökkvitæki, staðsetningu þeirra og notkunarreglur. Einnig skulu þeir kynna sér útgönguleiðir, björgunarbáta, björgunarbúnað og aðgerðir ef slys ber að höndum.
- Ef verkkaupi óskar þess er honum heimilt með samþykki starfsmanns að gera öryggisskoðun á honum. Ef starfsmaður neitar er heimilt að víkja honum úr starfi.

Telji verkkaupi, framkvæmdarstjóra eða aðra starfsmenn á einhvern hátt vera vanhæfa skal gerð skrifleg athugasemd við verktaka um það sem telst ábótavant. Ber verktaka að gera ráðstafanir til úrbóta þegar í stað.

Áður en siglingar hefjast skal verktaki setja upp hermilíkan af innsiglingunni yfir sandrifið og inn í Bakkafjörühöfn. Verkkaupi mun aðstoða verktaka eins og kostur er við uppsetning hermilíkans. Áður en ferjusiglingar hefjast skulu væntanlegir skipstjórar æfa sig að sigla inn í Bakkafjörühöfn í hermilíkani.

Þeir starfsmenn sem hafa samskipti við farþega skulu vera íslenskumælandi. Starfsmenn skulu geta gert sig skiljanlega á ensku. Skipstjóri í hverri ferð skal vera íslenskumælandi.

2.7 Aðstaða í landi

Verkkaupi leggur til aðstöðu fyrir móttöku og skrifstofu í Vestmannaeyjum og Bakkafjöru gegn leigu. Ennfremur leggur verkkaupi til akstursbrýr og rana fyrir farþega bæði í Vestmannaeyjum og Bakkafjöru gegn leigu. Ekki liggur fyrir hvort rani verði notaður í Bakkafjörühöfn en það ræðst af útfærslunni á ferjunni.

Farþegaaðstaðan í Bakkafjöru er enn óhönnuð en gert er ráð fyrir húsi sem verður um 225 fermetrar með snyrtiaðstöðu, aðstöðu fyrir starfsmann og afgreiðslu. Verkkaupi mun útvega sæti fyrir allt að 120 manns í aðstöðunni á Bakkafjöru sem verktaki mun þurfa að halda við. Gert er ráð fyrir að verktaki hafi heimild fyrir lágmarks veitingasölu. Verktaki skal útvega tilskilin leyfi.

Í dag leggur Herjólfur að vesturkanti Básaskersbryggju. Hugmyndir eru uppi um að færa ferjuaðstöðuna að austurkanti Básaskersbryggju. Við þá færslu má búast við að landganginum verði breytt. Ákvörðun um þá færslu mun liggja fyrir nokkuð áður en rekstur hefst.

Miðað skal við að þjónusta við viðskiptavinum verði betri en hún er í dag. Skrifstofa verktaka í Vestmannaeyjum skal vera opin á venjulegum skrifstofutíma, frá kl. 9-12 og 13-16:30 alla virka daga. Gert er ráð fyrir að aðstaða fyrir farþega og almenn afgreiðsla verði opnuð hálf tíma fyrir ferð og verði lokað hálf tíma eftir ferð. Heimilt er að loka aðstöðunni í Bakkafjöru um leið og skipið fer síðustu ferð þann daginn frá Bakkafjöru.

Verktaki skal gefa greinargóða lýsingu með tilboði sínu hvernig hann hyggst reka aðstöðu í landi.

Verktaki skal tryggja að veittar séu á skrifstofutíma allar upplýsingar um áætlun skipsins, gjaldskrá þess, skipið sjálft ofl. Verktaka er ekki heimilt að gefa eingöngu upplýsingar í síma eða á tölvuformi.

Utan skrifstofutíma skal veita upplýsingar um áætlunarferðir skipsins í símsvara og á heimasíðu verktaka eða á heimasíðu verkkaupa.

Verktaki mun fá aðstöðu við Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum. Í tilboði skal greina frá hvernig ætlun er að standa að móttöku farþega og bifreiða við ferju.

2.7.1 Lýsing á Bakkafjörúhöfn

Ölduhæðin við suðurströndina er með því hæsta sem þekkist. Við Bakkafjörú er ölduhæðin lægst þar sem hún er í vari við Vestmannaeyjar. Undan Bakkafjörú er sandrif í um 900 metra fjarlægð frá fjörinni. Sandrif þetta myndast af samspili efnisburðarins meðfram ströndinni og öldubrota auk sjávarfalla. Við Bakkafjörú þar sem fyrirhuguð ferjuhöfn á að koma er hlið á rifinu þar sem dýpi er jafnaði 6 metrar á meðan annars staðar á rifinu er dýpi um 2-4 metrar. Hliðið er staðsett um 2 km fyrir austan dælustöð Vestmannaeyjabæjar. Hliðið helst ávalt opið en getur verið breytilegt að lengd frá 500-2500 metrum. Skýringin á þessu er margþætt en má að stærstum hluta rekja til þess að þegar suðvestan brim verður við ströndina þá dælist sjór inn fyrir rífið þannig að sjávarborð þar verður hærra en fyrir utan rífið. Sjórinn fyrir innan rífið leitar út og þá fer hann þar sem aldan er lægri og þar með móttstaðan minni.

Nokkrar sveiflur eru á rifinu þar sem höfnin verður byggð. Mælst hefur um 8 m dýpi á rifinu á móts við þann stað þar sem hafnarmynnið verður en minnst tæpir 5 m. Hvort þörf verður á dýpkun við sandrifið ræðst af aðstæðum. Líkur eru á að dýpka þurfi á rífi á samningstímanum.

Ferjuhöfn

Höfnin verður afmörkuð af tveimur bogadregnum brimvarnargörðum. Hvor þeirra er um 600 m á lengd. Þeir ná út á um 7 m dýpi við hafnarmynni (kóti -8,3 í landhæðarkerfi) og eru þar um 70 - 75 m breiðir við botn, toppur í kóta 8,5. Næst landi, við fjöruborð verða garðarnir um 45 m breiðir við botn og toppur í kóta 7,4 m.

Hafnarmynnið í botn milli garða er áætlað 70 metrar en mun þó ráðast af breidd ferju. Frá hafnarmynni inn að ferjulægi er gert ráð fyrir að dýpka um 70-50 metra breiða og um 450 metra langa siglingarrennu í -7 m dýpi (kóti -8,3 í landhæðarkerfi). Dýpkun verður framkvæmd með sanddæluskipi og efni losað á land. Í snúningssvæði inn af siglingarrennu og innan hafnar við ferjulægið er gert ráð fyrir að dýpka í -5,5 m dýpi. Flatarmál dýpkunarsvæðis er um 15.000 m² og núverandi landhæð á bilinu 0 til +3m, magn dýpkunar um 120.000 m³. Efnið er sandur, kornastærð 0,064-4 mm. Grafið verður ofan af svæðinu niður undir kóta -3 m en þar fyrir neðan að kóta -5,5 m verður dýpkun framkvæmd með sanddæluskipi og efnið losað á land. Efni úr dýpkun verður nýtt við að hækka landið innan við garða í kringum höfnina og utan við höfnina.

Sett verður upp innsiglingamerki í Bakkafjörú.

Bryggja

Viðlegukantur ferju verður úr stálþili sem rekið verður um 3,5 m niður fyrir kóta -5,5 sem er fyrirhuguð dýpi við kantinn (kóti -6,8 m í landhæðarkerfi). Stagbiti er boltaður innan á þilið 1 til 1,5 m yfir stórstraumsfjöruborði á en stagbiti er úr tveim samfestum U-skúffum sem snúa bökkum saman. Akkerisstög eru fest í stagbitann með um 2,5 m millibili. Akkerisstögin eru stálboltar 80 – 100 mm. Í þvermál sem ná um það bil 19 m inn í fyllinguna að baki stálþils og eru þar fest í stagplötur sem eru úr steinsteypu, um 2 m á kant og 0,4 m á þykkt. Viðlegukantur verður útbúinn með pollum til bindinga fyrir skip og þybbum sem dempa hreyfingar skips við bryggju. Ennfremur verða öryggisstigar með um 15 m millibili. Þekja verður malbikuð sem og plön og bílastæði, alls um 6.000 m² að

flatarmáli. Fyrir ferjuna kemur svo ekjubrú sem er áætlað að verði um 10 metra löng og 7 metra breið.

Hafnarsvæði og nágrenni

Hafnarsvæðið sem afmarkast af hafnargörðum verða tæpir 23 ha. Svæði á Bakkafjörú sem fer undir sjálfa höfnina, bryggju, farþegaaðstöðu og bílaplön verður um 4 ha.

Gert er ráð fyrir um 3 km löngum sjóvarnargörðum. Garðarnir koma upp á hábungu núverandi fjöruborðs. Gera má ráð fyrir þeir verða 2 m háir og 4 metra breiðir í toppinn.

Gerðir verða varnargarðar við Ála og meðfram Markarfljóti og verða þeir um 3 km að lengd. Uppbygging þeirra verður svipuð og sjóvarnargarða.

Til að hefta sandfok er miðað við að uppgræðsla lands fari fram á svæði kringum höfnina. Melgrassáning 590 ha., lúpínusáning 120 ha. og grassáning 3.890 ha.

Meðfylgjandi útboðsgögnum er yfirlitsmynd af hafnarsvæði og aðkomu að höfninni.

2.8 Rekstur ferjubryggju

Verkkaupi leggur til bryggju úr stálþili með þybbum úr dekkjum, stigum með 15 metra millibili, kanttré, landtengingu, vatnsbrunni, lýsing frá tveimur ljósamöstrum sem svarar til lágmarks lýsingu sem er 20 lúx. Landtenging verður einn tenglaskápar með 2x125 Ampere tenglum og 1x63 Ampera tengli. Tveir vatnsbrunnar verða á bryggjukanti. Fríholt verða úr dekkjum sem liggja lóðrétt. Knattré verður með endurskinsborðum. Stigar eru málaðir með endurskinsmálningu. Gert er ráð fyrir að björgunarbúnaður verði á ljósamastri. Gert er ráð fyrir að þekja verði malbikuð.

Akstursbrú verður að lágmarki 7 metra breið og um 10 metra löng. Við landvegg er brúin á lið en við enda brúar við skip eru stöplar á hvorri hlið sem halda henni upp með tjökkum.

Verktaki mun gegn leigugjaldi fá til fullra umráða ferjubryggju á Bakkafjörú. Ekki verður heimilt að landa fiski á ferjubryggju eða nýta bryggjuna undir aðra starfsemi en farþegaflutninga.

2.9 Slipptaka og önnur tímabundin fjarvera ferjunnar

Fjarvera ferju vegna slipptöku, ófyrirséðra bilana, tjóna og viðhalds skal ákveðin í samráði við verkkaupa með a.m.k. hálfs árs fyrirvara eftir því sem unnt er. Verktaka ber að leysa úr slíku með þeim hætti að það hafi sem minnst áhrif á áætlun ferjunnar.

Í fjarveru Bakkaferju vegna reglubundinnar slipptöku sem og vegna tjóna, viðhalds o.s.frv., sem leiða til langtíma fjarveru ferju frá áætlanasiglingum, skal verktaki útvega annan hentugan skipakost í stað Bakkaferju. Sá farkostur skal fá samþykki verkkaupa og uppfylla sem mest kröfur sem koma fram í lýsingu þessari.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir slipptöku Bakkaferju nema annað hvert ár og ferjan siglir daglega verður lítil tími til að sinna eðlilegu viðhaldi á þeim tíma. Verktaka er því heimilt að loka af ákveðin farþegasvæði, áhafnasvæði, þilför o.þ.h. til þess að sinna eðlilegu viðhaldi skips, s.s. málningarvinnu á þilförum, viðhaldi á vistarverum farþega o.fl. Verktaki hefur heimild til nýta tímann þegar skipið liggur í höfn til viðhalds. Auk þess er heimilt að fella niður allt að 6 ferðum að vetri. Verktaki fær ekkert greitt meðan ferðir liggja niðri.

Niðurfelling ferða vegna viðhalds skal vera í samráði við verkkaupa og skal auglýst með góðum fyrirvara.

2.10 Upplýsingaskylda

Verktaki skal gera skýrslu um daglegar ferðir, farþega- og bifreiðaflutninga og selt svefnrými í öllum siglingum skipsins. Verktaki skal einnig taka flutningana saman fyrir hvern mánuð. Þessar upplýsingar skulu fylgja mánaðarlegum reikningum. **Skýrslur skulu vera til yfir hvern legg ferða.**

Verkkaupi áskilur sér einnig rétt til að krefjast annarra upplýsinga er varða rekstur verktaka í áætlunarferðum.

Samkvæmt reglugerð um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum ber verktaka að uppfylla þá skyldu sem reglugerð kveður á um og gera ráð fyrir kostnaði þess vegna í tilboðum sínum.

2.11 Öryggismál

Skipstjórn og mönnun þess skips sem annast siglingar samkvæmt samningi þessum er að öllu leyti á ábyrgð verktaka. Skal þess sérstaklega gætt að tryggja öryggi skips, áhafnar og farþega og fara í hvívetna eftir lögum, reglugerðum og fyrirmælum Siglingastofnunar varðandi öryggismál. Björgunar- og öryggisbúnaður skal ávallt vera í góðu ástandi og tilbúinn til notkunar og halda skal reglubundnar björgunaræfingar með áhöfn skips. Kannað verður með skyndiskoðunum hvort búnaður skips og áhöfn standist kröfur um björgun. Viðhalda skal gæðakerfi varðandi rekstur og störf um borð samkvæmt ISM-kóða.

Verktaki skal uppfylla kröfur siglingaverndar samanber lög 50/2004 með síðari breytingum og reglugerðir, sem gerðar eru til ferja í innanlandssiglingum. Ef kröfur verða hertar frá því sem nú er þá verður samningsfjárhæð skoðuð m.t.t. kostnaðar.

2.12 Frátafir vegna veðurs

Verktaki getur fellt niður ferðir vegna veðurs á kostnað verkkaupa að hluta ef mæld ölduhæð á Bakkafjörudufli fer yfir ákveðin viðmiðunarmörk eða vindhraði á Bakkafjöru eða Vestmannaeyjum fer yfir ákveðnum viðmiðunarmörk. Forsendur viðmiðunarmarkna er að tryggja örugga sjóferð mill Vestmannaeyja og Bakkafjöruhafnar. Viðmiðunarmörkin taka mið af dýpt sandrifs þar sem ferjunni er ætlað að sigla að höfninni, öryggi og þægindum farþega ásamt öruggri siglingu ferjunnar inn í höfnina. Ákvörðun viðmiðunarmarkna er í samræmi við rannsóknir Siglingastofnunar og líkantilraunir í líkani stofnunarinnar. Einnig er stuðst við niðurstöður greinargerðar dönsku straumfræðistofnunarinnar DHI, en þar eru viðmiðunarmörkin staðfest, og áhættumat DNV og tillögur dönsku verkfræðistofunnar Cowi.

Skilgreind viðmiðunarmörk ferjusiglingar frá Vestmannaeyjum til Bakkafjöru eru miðuð við ölduhæð á Bakkafjörudufli og flóðhæð. Viðmiðunarmörkin eru ákveðin sem **3,6 metra ölduhæð að viðbættum 25% af flóðhæð** miðað við stórstraumsfjöru. Fari ölduhæð á Bakkadufli yfir þessa viðmiðun er verktaka heimilt að fella niður ferðir milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru.

Skilgreind viðmiðunarmörk vindálags eru **25 m/sek** meðalvindur í 10 mínútur mælt á Bakkaflogvelli og **30 m/sek** meðalvindur í 10 mínútur mælt á Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Ef vindhraði fer yfir viðmiðunarmörk er verktaka heimilt að fella niður ferðir milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru.

Skipstjóra ferjunnar ber að leggja mat á ölduhæð, flóðhæð og vindálag áður en hann ákveður brottför. Allar upplýsingar um ölduhæð á Bakkafjörudufli og flóðhæðir eru að finna á vef Siglingastofnunar Íslands undir „Veður og sjólag“. Verkkaupi mun setja upp tengingu vegna vindmælinga.

3 Greiðslur

3.1 Almennt

Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðseyðublaði og verður ekki tekið við þeim á öðru formi. Tilboðsfjárhæð er leiðbeinandi fyrir heildartilboð, en einingaverð eru bindandi.

Tilboð skal gera í allt verkið, eins og lýst er í útboðsgögnum. Í einingarverði og heildarverði skal vera innifalinn allur kostnaður verktaka vegna viðkomandi verkþátta, þ.m.t. vinnu, efni, vélar, áhöld, vinnuaðstöðu, tryggingar, flutninga, olíu, skoðunargjöld, orkukostnað, tengingu við rafmagns- og vatnsveitu, samnings- og lögbundin gjöld, öll gjöld, sem fylgja því að hafa menn í vinnu, svo og allir skattar og opinber gjöld, hverju nafni sem þeir nefnast. Auk þess sem bjóðendur skulu bjóða í verkið á þann hátt, sem tilboðsblað greinir, er þeim heimilt að gera frávíkstilboð ef þeir telja slíkt tilboð geti gefið verkkaupa hagkvæmari niðurstöðu en útboðsgögn gera ráð fyrir. Tilboð skal gera á tilboðsblað og tilboðsskrá og fylla út eins og texti segir til um.

Nefndir liðir og aðrir, sem ef til vill eru ótaldir, en nauðsynlegir til að ljúka verkinu skulu innifaldir í einingaverði, ásamt reiknuðum ágóðahlut, stjórnunarkostnaði, kostnaði vegna fæðis, fjármagnskostnaður, stofnkostnaður, leigukostnaður húsnæðis og aðstöðu fyrir starfsmenn.

Athygli skal vakin á því að fjöldi ferða eins og fram kemur á tilboðsskrá er viðmiðunartala en ferðir geta orðið eftir atvikum fleiri eða færri, en þá gildir eftir sem áður boðið einingarverð auk verðbóta óbreytt þar til séð verður að samanlögð magnbreyting við ákveðinn greiðslulið verði meiri en 25% og að verð fyrir viðkomandi verktegund vegi meira en 3% í samningsfjárhæð. Í slíku tilfelli á hvor aðili um sig rétt á endurskoðun á einingarverði fyrir verktegundina með tilliti til áhrifa sem magnbreytingin kann að hafa á það. Einvörðungu þeir kostnaðarþættir sem eru háðir magni koma til endurskoðunar. Í þessu samhengi merkir orðið verktegund ákveðna verkliði sem eru unnir með sams konar tækjum og sambærilegum mannafla, án tillits til þess hvort þeir eru hluti af einum verkþætti eða fleiri.

Verkkaupi leggur til aðstöðu í Bakkafjörü og Vestmannaeyjum gegn leigugjaldi eins og tilgreint er í leigusamningi.

Greiðslur til verktaka verða mánaðarlega og miðast við síðastliðinn mánuð. Fyrsta greiðsla til verktaka verður mánuð eftir að ferjusiglingar milli lands og Eyja hefjast.

Verktaki skal sjá um innheimtu fargjalda í samræmi við gjaldskrá. Allar fargjaldatekjur renna óskiptar til verktaka.

Greiðsla heildartilboðsfjárhæðar er ekki með virðisaukaskatt þar sem um er að ræða styrk til almenningssamgangna. Hinsvegar geta einstakir kostnaðarþættir borið virðisaukaskatt og skal verktaki taka tillit til þess við tilboðsgerð.

3.2 Ferja

Verktaki skal smíða farþegaferju sem sigla mun milli hafnar í Vestmannaeyjum og hafnar í Bakkafjörü. Farþegaferjan verður ekjuskip sem smíðað verður úr stáli. Ferjan skal vera gegnumkeyranleg og opnanleg bæði að framan (stefni) og aftan (skutur) til að ökutæki geti keyrt út og inn í ferjuna. Gera skal ráð fyrir góðu aðgengi fyrir farþega ásamt því að verustaðir fyrir þá sem og áhöfn ferjunnar séu í besta gæðaflokki.

Ferjan er skilgreind í kafla 2 og vísast í þann kafla um frekari skilgreiningar. Verkkaupi áskilur sér rétt til að endurskoða samningsfjárhæðir ef ferja uppfyllir ekki þær kröfur sem skilgreindar eru í kafla 2 um ferju.

Ef í ljós kemur að djúprista fulllestaðar ferju er meiri en 3,3 metrar mun dragast frá greiðslur að upphæð 0,05% af samningsfjárhæð fyrir hvern sentimetra umfram 3,3 metra. Þetta skal dragast af greiðsluliðnum "Ferja, stofnkostnaður og fastur rekstrarkostnaður". Ef djúprista fulllestaðrar ferju er meiri en 3,7 metrar skal verktaki útvega aðra ferju sem er með djúpristu 3,3 metrar ella áskilur verkkaupi sér rétt til að rifta samningi. Ef í ljós kemur að skipið uppfyllir ekki uppgefnar kröfur samkvæmt tilboði verktaka og kafla 2 útboðsgagna þá áskilur verkkaupi sér rétt til að draga frá samningsbundnum greiðslum í hlutfalli við frávikið og það tjón sem af því hlýst.

Hafnargjöld hafa ekki verið ákveðin, hvorki í Vestmannaeyjum né Bakkafjörú. Verktaki skal ekki taka hafnargjöld inn í tilboði sitt. Eftir að hafnargjöld hafa verið ákveðin þá leggjast þau á greiðsluliðinn "ferja, stofnkostnaður og fastur rekstrarkostnaður" til hækkunar. Ekki verður greitt umfram það sem hafnargjöldunum nemur til verktaka. Verktaki skal sjá um að greiða hafnargjöld eftir að þau hafa lagst á greiðslulið.

Verkkaupi greiðir ekki viðbótarkostnað fyrir slíptöku heldur skal það vera innifalið í greiðsluliðum "Ferja, stofnkostnaður og fastur rekstrarkostnaður".

Verkkaupi skal vera með kynningarstarf um ferjusiglingar milli lands og eyja eins og tilgreint er í útboðsgögnum kafla 3.3. Ef verktaki sinnir ekki kynningu í samræmi við útboðsgögn áskilur verkkaupi sér rétt til að draga frá samningsfjárhæð áætlaðan kynningarkostnað og taka að sér sjálfur kynningu og auglýsingu.

Greitt er fyrir "ferju, stofnkostnaður og fastur rekstrarkostnaður" eftir mánuðum. Innifalið skal allur kostnaður við hönnun ferju, módelprófanir, hermilíkan af innsiglingu inn Bakkafjörúhöfn, smíði ferju, lántökukostnaður, vextir o.s.frv. Innifalið í þessum lið skal vera fastur rekstrarkostnaður við ferju þ.m.t. tryggingar, opinber gjöld, siglingabúnaður, orkunotkun í landlegu, skoðunargjöld, markaðsstarf ofl. Einnig skal vera innifalið í þessum lið viðhald ferju eins og t.d. slíptaka, málun, endurnýjun sæta, gólfefni, veggjaefni, klósett, eldhús o.s.frv. Við slíptöku skal verktaki bera allan kostnað af siglingu ferju í slípp, afleysingarskipi þ.m.t. siglingu, leigukostnað, tímaleigugjald brennsluolíu, hafnargjöldum o.s.frv. og öllum farm- og farþegatengdum kostnaði. Fyrir ferðir afleysingarskipa í áætlanasiglingum fyrir Bakkaferju fær verktaki greitt sama verð og fyrir ferðir Bakkaferju óháð stærð skips. Afleysingarskip skal geta flutt svipað magn og Bakkaferja og siglt með sambærilegum siglingahraða. Kynning, auglýsingabæklingar, heimasíða og viðhald og endurnýjun hennar ofl. skal innifalinn í þessum tilboðslið.

3.3 Áætlunarferðir

Verktaki skal halda uppi áætlunarferðum eins og greint er frá í kafla 3. Áætlunarferðum eru skipt í 3 tímabil vetraráætlun sem er frá og með 1. nóvember til 1. mars, vor- og haustáætlun sem er frá og með 1. september til 1. nóvember og frá og með 1. mars til 1. maí og sumaráætlun frá og með 1. maí til 1. september. Að jafnaði eru farnar fjórar ferðir á dag eftir vetraráætlun, fimm ferðir eftir vor- og haustáætlun og ríflega sex ferðir eftir sumaráætlun. Þessu til viðbótar bætast við allt að 100 ferðir til viðbótar þannig að heildarfjöldi ferða er um 1900 á ári.

Verktaki skal í tilboði sínu gefa upp verð fyrir einstaka ferð innan tímarammans 07:00 (lagt úr höfn) til 20:30 (lagt úr höfn) eftir vetraráætlun, 07:00 til 21:30 eftir vor- og haustáætlun og 07:00 til 23:30 eftir sumaráætlun. Einnig skal gefa verð fyrir utan uppgefin tímamörk.

Falli ferð niður vegna veðurs þ.e. of hárrar öldu við Bakkafjörur eða of mikils vinds eða öðrum þeim ástæðum sem ekki verða raktar til vanrækslu verktaka greiðir verkkaupi sem nemur 60% af verði einnar ferðar. Miða skal við að ferð megi falli niður ef ölduhæð verður hærri en viðmiðunarháð og ef vindhraði fer yfir ákveðinn viðmiðunarmörk eins og getið er um í kaflanum 3.12 Frátafir vegna veðurs. Ekkert er greitt fyrir ferðir sem falla niður þegar skipið bilar eða skip fer í slíptöku eða verktaki ákveður einhliða að fella niður ferð.

Verkkaupi, í samkomulagi við bæjarstjórn Vestmannaeyja, áskilur sér rétt til þess að breyta tímaáætlun án þess að komi til aukagreiðslna. Ef varanlegar breytingar verða gerðar á áætlun verður það einungis gert um leið og skipt er um áætlun.

Ef það kemur fyrir að tímaáætlun ferjunnar seinki vegna þess er hún bundin í öðrum siglingum skal verktaki greiða féviti sem nemur 50% af verði þeirra ferða sem verða fyrir töfum.

Ef verkkaupi óskar þess skriflega þá skal siglt til Þorlákshafnar. Verktaka mun standa til boða aðstaðan þar.

Greitt er fyrir hverja ferð og sundurliðast það eftir því hvenær ferð er farin innan sólarhringsins og á hvaða árstíma. Innfalið í viðkomandi greiðslu er allur breytilegur kostnaður við rekstur ferju þar með talið olíukostnaður, vinnulaun, gjaldtaka, rekstrarkostnaður ferju, móttaka í landi, landfestur í Bakkafjörur og allt það sem þarf til að halda uppi áætlunarsiglingum milli lands og eyja.

3.4 Aukaferðir

Auk þeirra ferða sem greint er frá í áætlunarferðum skal verktaki fara aukaferðir fyrir verkkaupa, sé þess óskað. Aukaferðir falla ekki undir áætlunarferðir. Annað hvort eru þær pantaðar með stuttum fyrirvara eða það er siglt til annars staðar en frá Vestmannaeyjum til Bakkafjörur eða Þorlákshafnar.

Verkkaupi greiðir tímagjald fyrir þann tíma sem það tekur skipið að sigla ferðina frá þeim tíma sem skipið leggur úr höfn þar til það leggst aftur að höfn. Höfnin sem skipið leggur frá verður þó að vera bundin annarri hvorri viðkomuhöfn áætlunarferða.

Greitt er fyrir hverja aukaferð í klukkustundum. Innfalið í viðkomandi greiðslu er allur kostnaður við rekstur ferju þar með talið olíukostnaður, vinnulaun, rekstrarkostnaður ferju, landfestur og allt það sem þarf til að hafa skipið á siglingu. Magn tíma er áætlað og getur verið frá 0 klst og upp í 100 klst á ári. Ekki kemur til aukagreiðsla til verktaka þó þessi tilboðsliður falli út eða hækki.

3.5 Aðstaða í landi

Verkkaupi leggur til aðstöðu á Bäsaskersbryggju í Vestmannaeyjum sem Eimskip hefur vegna Herjólfss og farþegaaðstöðu á Bakkafjörur gegn leigugjaldi. Vísað er í lýsingu á aðstöðu í kafla 3 og þá sérstaklega kafla 3.7. og 3.8.

Verktaki mun leiga aðstöðuna til verktaka gegn leigugjaldi. Leiga vegna farþegaaðstöðu í Vestmannaeyjum verður kr. 279.000 á mánuði og krónur 250.000 á mánuði vegna farþegaaðstöður á Bakkafjörur miðað við verðlag 1. janúar 2007. Verktaki mun og leigja ferjubryggjuna á Bakkafjörur gegn leigugjaldi. Leiga vegna bryggju á Bakkafjörur verður kr. 250.000 á mánuði miðað við verðlag 1. janúar 2007.

Upphæð leigu mun fylgja verðþróun annarra tilboðsliða, samanber kafla 1.2.4. Verktaki skal sjá um rekstur móttöku og skrifstofu bæði í Vestmannaeyjum og Bakkafjörur þ.e. rekstur húsnæðis s.s. rafmagn, hita, endurnýjun sæta, málun og

venjulegt viðhald. Einnig sér verktaki um rekstur þjónustunnar, þ.e. mönnun skrifstofu og almennan skrifstofubúnað.

Verktaki skal sjá um almennt minniháttar viðhald bryggju þ.e. á fríholtum, málun stig, lagfæringar á kanttré, viðhald tenglaskápa, vatnsbrunna. Verktaki skal taka á móti ferju og annast alla þá þjónustu fyrir ferju sem er nauðsynleg.

Verktaki skal halda við og reka akstursbrýr og landganga bæði í Vestmannaeyjum og Bakkafjörú. Ekki liggur fyrir hvort notaður verður rani í Bakkafjörú eins og í Vestmannaeyjum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að fella niður tilboðsliðinn rekstrarkostnaður ferjubryggju á Bakkafjörú.

Greitt er fyrir aðstöðu fyrir farþega og skrifstofu eftir mánuðum. Innfalið í viðkomandi greiðslu er allur kostnaður við rekstur farþegaaðstöðu þar með talið rafmagn, hiti, þrif, viðhald, leigugjald, endurnýjun innbúnaðar og allt það sem þarf til að reka húsnæðið. Innifalið í Vestmannaeyjum er núverandi rani og akstursbrú.

Greitt er fyrir rekstrarkostnað ferjubryggju á Bakkafjörú eftir mánuðum. Innfalið í viðkomandi greiðslu er allur kostnaður við rekstur ferjubryggju þar með talið leiga bryggju, viðhald þybba, málun stiga, kanttré, rekstur aksturbrúa og landgangs, lýsing og allt það sem þarf til að reka ferjubryggju.

Viðaukar

Hjálögð eru eftirfarandi viðbótargögn:

- GJALDSKRÁ (4. bls.)
- MAGN FLUTNINGA 1997-2006 (2 bls.)
- FARÞEGASKILMÁLAR (5 bls.)
- ÖLDUMÆLINGAR VIÐ BAKKA (3 bls.)
- TEIKNINGAR AF BAKKAFJÖRUHÖFN (2 bls.)
- SJÓMÆLINGAKORT (1 bls.)
- BAKKAFJARA FERRY AND FERRY HARBOUR (3 bls.)
- DRÖG AÐ FYRIRKOMULAGI FERJU (2 bls.)
- ÞARFALÝSING FERJU Á ENSKU (20 bls.)

3.6 Gjaldskrá fyrir Bakkaferju

Gjaldskrá þessi gildir fyrir áætlunarferðir og aukaferðir að beiðni verkkaupa.

Gjaldskráin er í grundvallaratriðum byggð á þeirri vegalengd (sjóleið) sem sigld er. Gjald fyrir hópferðabifreiðir og vöruflutningabíla er skipt upp eftir heildarlengd ökutækis.

Fargjald barns/unglings/lífeyrisþega/öryrkja er helmingi lægra en fargjald fullorðins farþega.

Virðisaukaskattur er greiddur af flutningi hópferðabifreiða, vörubifreiða, vinnuvéla og varnings.

Ferð er skilgreind sigling aðra leiðina þ.e. annað hvort frá Vestmannaeyjum til Bakkafjörú eða öfugt.

1. Gjaldskrárreglur

1.1 Gjaldskráin gildir fyrir fólks-, bifreiða- og vöruflutninga, þar með er talið farþegar, ásamt eigin farartæki, og vörur.

1.2 Taxtar grundvallast á þeirri vegalengd (sjóleið) sem sigld er.

1.3 Allir farþegar eldri en 11 ára greiða fargjald.

1.4 Barnafargjald (unglingafargjald) miðast við 12-15 ára aldur og er hálft fargjald farþega 16 ára og eldri. Fargjald fyrir fullorðna miðast við þá sem eru 16 ára og eldri og er það helmingi hærra en gjald fyrir barn (ungling).

1.5 Lífeyrisþegar, öryrkjar og skólafólk (ef það framvísar skilríkjum) á tímabilinu 15. ágúst til 31. maí greiða sama gjald og börn (unglingar) 12-15 ára, þ.e. helmingi lægra gjald en fullorðnir greiða.

1.6 Gjald fyrir uppbúið rúm jafngildir tvöföldu fargjaldi farþega og rúm án rúmfatnaðar er jafngilt fargjaldi.

1.7 Fargjald fólksbíla miðast við bíla allt að 5 m lengd og 2,4 m að breidd.

1.8 Fólksbílar sem eru lengri en 5 m, greiða tvöfalt fargjald bíls.

1.9 Fólkbílar sem eru breiðari en 2,4 m, greiða tvöfalt fargjald bíls.

1.10 Fólksbílar sem eru hærri en 2,1 m, greiða tvöfalt fargjald bíls.

1.11 Fargjald fyrir aftaníkerrur, hjólhýsi og tjaldvagn er jafngilt fargjaldi bíls.

1.12 Fargjald reiðhjóla, bifhjóla og mótorhjóla er fargjald barns/unglings.

1.13 Gjald fyrir fólksflutningabíla (rútubíla) miðast við heildarlengd ökutækja.

1.14 Útreikningar á töxtum vöruflutningabíla miðast við heildarlengd ökutækja.

1.15 Flutningabílar sem eru breiðari en 2,4 m, greiða 50% hærra gjald á lengdarmetra fyrir hvern viðbótarmetri í breidd.

1.16 Gjald dráttarvagnar og aftanívagnar án dráttarbíls/flutningabifreiðar er þrefaldur taxti miðað við flutningabifreiðar.

1.17 Þegar flutningabíll með aftanívagni ferðast með ferju er miðað við samanlagða lengd bíls og vagns þ.e.a.s. þá lengd og svæði sem þeir þurfa (beisli tekið með í lengd).

1.18 Ökutæki sem flytja vörur sem ná út fyrir það svæði sem bíllinn rúmar og þurfa því meira pláss á dekki, þ.e. flutningsvarningur stendur út úr eða út fyrir ökutæki, greiða fyrir það svæði sem það tekur.

Virðisaukaskattur er í dag 24,5% af flutningi (vöru)flutningabíla og er hann innifalinn í töxtum.

Um fargjald vinnuvéla á hjólum gilda sömu reglur og um flutningabíla en fargjald annarra vinnuvéla fer eftir þyngd þeirra.

Gjaldskrá miðast við að allir gámar, flutningavagnar eigi að vera þéttlokaðir. Ef verið er að flytja gáma, flutningabíla o.þ.h. sem gefa frá sér lykt eða að þeir leka þá skal gjaldið fyrir slíka vagna vera fimmfalt á við aðra vagna.

2. Afsláttarreglur

Afsláttarverð eru reiknuð út frá gildandi taxa ferja. Afsláttarkort fyrir vöruflutninga- og hópbifreiðar er aðeins unnt að kaupa á skrifstofu í Vestmannaeyjum eða á netinu þar sem fram kemur gerð, bílnúmer og lengd bifreiðar. Ekki verður unnt að kaupa afsláttarkort í svefnrými. Sjá nánar um afslátt í gjaldskrá.

3. Taxtar fyrir aukaflutninga

Gjald fyrir aukaflutninga er ákvörðun rekstraraðila svo framarlega sem þeir eru ekki niðurgreiddir af ríkinu.

Gjaldskrá farþega- og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru

Gjaldskráin gildir frá 1. júlí 2007

		Greiðsla	Viðkomustaðir
		Eining	Vestmannaeyjar- Bakkafjara
Farþegar:			
Börn 12-15 ára	1 ferð	1	250 kr.
Fullorðnir	1 ferð	2	500 kr.
Ellilífeyrisþegar, öryrkjar	1 ferð	1	250 kr.

Svefnrými:

Uppbúið rúm í klefa, án afsláttar	1 ferð	án afsl.	1.000 kr.
2ja manna klefi, án afsláttar	1 ferð	án afsl.	2.000 kr.
4ra manna klefi, án afsláttar	1 ferð	án afsl.	4.000 kr.
Koja úppbúin, án afsláttar	1 ferð	án afsl.	500 kr.

Bifreiðar undir 2,2 m og bifhjól:

Bifhjól, reiðhjól	1 ferð	1	250 kr.
Grunngjald fyrir fólksbíll, jeppa eða tengivagn	1 ferð	4	1000 kr.
Aukagjald ef bifreið er 5-9 metrar, ef lengri þá flutningabifreiðagjald	1 ferð	4	1000 kr.
Aukagjald ef tæki er breiðara en 2,4 m	1 ferð	4	1000 kr.
Aukagjald ef tæki er hærra en 2,1 m	1 ferð	4	1000 kr.
Aukagjald við að flytja mannlausar bifreiðar	1 ferð	1	250 kr.

Flutningabílar/atvinnutæki/hóferðabifreiðar:

Lengdarmetri flutningabifreiðar (m/vsk)	1 ferð	1	1.000 kr./m
Lengdarmetri aftanívagn, dráttarvagn án bifreiðar	1 ferð	án afsl.	2.000 kr./m
Lengdarmetri (m/vsk) lyktandi eða lekandi	1 ferð	án afsl.	4.000 kr./m

Afsláttur

Afsláttarkort 50 miðar, 40% afsláttur	50 stk.		7.500 kr.
Afsláttarkort vöruflutningabifreiðar, lengd bifreiðar og skráninganr. 40% afsláttur	20 stk.	Háð lengd	Breytilegt

Vinnuvélar:

Þyngd í tonnum (m/vsk)	1 ferð	án afsl.	500 kr./tonn
------------------------	--------	----------	--------------

3.7 Magn flutninga 1997-2007

Farþegar

Mánuður	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Janúar	3.927	3.331	3.513	3.511	4.437	5.411	6.075	5.787	6.165	7.996	7.217
Febrúar	3.144	2.832	2.576	2.799	4.285	4.585	4.421	7.045	6.101	6.209	6.058
Mars	4.841	3.962	5.170	4.369	5.523	7.289	7.005	6.677	8.280	8.345	8.136
Apríl	6.006	6.064	6.357	7.927	8.899	10.306	10.313	11.930	9.921	11.438	11.879
Maí	8.031	6.842	2.167	7.434	8.349	9.470	9.075	10.051	9.368	8.515	10.005
Júní	10.508	12.044	12.001	10.209	12.907	15.843	15.305	15.202	14.217	13.181	11.962
Júlí	11.890	14.059	15.086	13.183	15.365	15.519	16.587	17.295	15.907	14.274	14.675
Ágúst	14.044	14.733	13.914	17.354	16.843	18.421	17.638	16.872	16.391	16.722	17.589
September	4.692	5.581	4.650	6.162	7.253	2.596	7.527	7.222	8.974	8.361	8.492
Október	5.486	1.534	4.685	5.325	7.504	7.914	8.148	8.772	8.402	8.475	8.951
Nóvember	3.882	3.569	4.551	5.011	5.531	6.511	6.474	6.523	7.402	6.969	7.445
Desember	3.910	4.266	3.848	5.298	5.429	5.755	5.731	6.271	7.072	6.825	
Samtals:	80.361	78.817	78.518	88.582	102.325	109.620	114.299	119.647	118.200	117.310	112.409
Meðaltal á mánuði	6.697	6.568	6.543	7.382	8.527	9.135	9.525	9.971	9.850	9.776	10.219

Fólksbílar

Mánuður	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Janúar	1.056	985	1.061	1.019	1.202	1.426	1.643	1.747	1.750	2.092	2.122
Febrúar	720	747	800	757	1.049	1.258	1.194	1.810	1.677	2.016	1.833
Mars	1.068	1.001	1.476	1.111	1.473	1.720	2.001	1.968	2.497	2.505	2.487
Apríl	1.572	1.787	1.856	2.294	2.328	2.505	2.674	3.133	2.694	3.229	3.354
Maí	1.807	1.769	609	2.041	2.071	2.504	2.468	2.795	2.769	2.658	2.862
Júní	2.488	2.963	2.931	2.586	2.903	3.563	3.586	3.625	3.804	3.662	3.106
Júlí	2.735	3.254	3.560	3.348	3.743	3.693	3.907	3.961	3.813	3.822	4.008
Ágúst	2.951	3.099	3.464	3.555	3.585	3.813	3.983	4.110	4.107	3.791	3.992
September	1.384	1.651	1.646	1.982	1.998	987	2.338	2.378	2.930	2.707	2.713
Október	1.408	935	1.506	1.594	1.994	2.098	2.408	2.514	2.596	2.440	2.572
Nóvember	1.135	1.090	1.328	1.500	1.604	1.901	2.012	2.099	2.368	2.175	2.263
Desember	1.225	1.410	1.319	1.694	1.637	1.860	1.870	2.103	2.497	2.267	
Samtals:	19.549	20.691	21.556	23.481	25.587	27.328	30.084	32.243	33.502	33.364	31.312
Meðaltal á mánuði	1.629	1.724	1.796	1.957	2.132	2.277	2.507	2.687	2.792	2.780	2.847

Flutningabílar/atvinnutæki

Mánuður	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Janúar	219	205	193	206	199	218	228	211	168	157	201
Febrúar	242	191	205	197	191	214	185	201	241	101	239
Mars	216	250	313	225	274	264	286	246	254	279	257
Apríl	277	245	232	232	198	271	245	239	239	201	188
Maí	278	266	140	323	232	265	298	249	222	212	249
Júní	287	328	274	276	246	270	240	227	204	200	251
Júlí	318	310	231	228	274	285	304	253	236	215	275
Ágúst	220	252	222	207	205	183	196	221	189	164	210
September	233	299	216	196	200	109	234	196	193	205	207
Október	248	185	205	229	227	241	271	228	217	217	267
Nóvember	224	198	259	223	280	246	235	229	220	213	245
Desember	200	207	184	189	185	185	210	193	186	217	
Samtals:	2.962	2.936	2.674	2.731	2.711	2.751	2.932	2.693	2.569	2.381	2.589
Meðaltal á mánuði	247	245	223	228	226	229	244	224	214	198	235

Lengdarmetrar flutningsbíla

Mánuður	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Janúar	2.234	2.114	1.841	1.850	2.005	2.324	2.380	2.270	1.853	2.101	2.410
Febrúar	2.200	1.966	1.949	2.028	2.623	2.285	1.871	2.141	2.672	2.646	2.872
Mars	2.045	2.569	2.951	2.108	2.773	2.709	2.935	2.529	2.775	3.639	3.081
Apríl	2.685	2.385	2.109	1.975	1.957	2.676	2.446	2.475	2.623	2.507	2.254
Maí	2.576	2.678	1.329	2.586	2.398	2.724	3.011	2.564	2.383	2.640	2.673
Júní	2.557	2.808	2.411	2.385	2.745	2.797	2.552	2.449	2.247	2.401	2.683
Júlí	3.108	2.849	2.074	1.908	2.787	2.963	3.194	2.471	2.670	2.582	3.037
